

Skýrsla

félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu kvenna á vinnumarkaði, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Með beiðni (á þskj. 242 — 213. mál) frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að félags- og húsnæðismálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Samantekt og ályktanir.

Síðastliðna áratugi hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist jafnt og þétt. Einkennandi fyrir íslenskan vinnumarkað er mikil kynjaskipting starfa. Konur og karlar gegna ólíkum störfum og er kynbundið námsval og kynjaskipting milli starfsgreina enn áberandi. Þá eru karlar mun oftar ofar í valdaginum atvinnulífsins en konur, og karlar virðast enn búa við betri starfsþróunarmöguleika en konur.

Í nýrri bók norsku fræðimannanna Lizu Reisel og Mari Teigen *Kjønnsdeling og etniske skiller på arbeidsmarkedet* (2014) kemur fram að kynjaskipting starfa á vinnumarkaði og mismunandi efnahagsleg völd og áhrif kvenna og karla á Norðurlöndunum feli í sér ákveðna þversögn. Staðan á vinnumarkaði sýni að enn sé langt í land þrátt fyrir öflugt velferðarkerfi sem byggist meðal annars á lagalegri og félagslegri jafnstöðu kvenna og karla. Í íslenskri löggjöf hefur allt frá því að fyrstu jafnréttislögin voru samþykkt árið 1976 verið lögð mikil áhersla á jafnrétti á vinnumarkaði. Með áherslunni á vinnumarkaðinn var litið svo á að atvinnuþátttaka og efnahagslegt sjálfstæði kvenna væri forsenda framþróunar jafnréttis á öðrum sviðum samfélagsins. Í því ljósi er athyglisvert hversu erfitt hefur reynst að brjóta upp kynjaskiptingu starfa, tryggja launajafnrétti og jafna völd og áhrif kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Þessi þversögn sem hér er lýst er að mati Reisel og Teigen einkennandi fyrir norrænu velferðarkerfin sem, þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna, hefti möguleika þeirra til valda og áhrifa og viðhaldi kynjaskiptingu starfa á vinnumarkaði. Stjórnvöld hafi lagt of mikla áherslu á að auðvelda konum samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs með auknum sveigjanleika á vinnumarkaði á meðan of lítið hafi verið gert til að auka starfsþróunarmöguleika kvenna og jafna völd og áhrif kynjanna í atvinnulífinu.

Stjórnvaldsaðgerðir, eins og fæðingarorlof, dagvistunarræði fyrir börn og ríkt framboð hlutastarfa á opinberum vinnumarkaði, hafi vissulega tryggt mikla atvinnuþátttöku kvenna en hafi í raun fest í sessi hefðbundnar hugmyndir um umönnunarhlutverk kvenna.

Á Íslandi óx umsvifamikill þjónustugeiri í kjölfar iðnvæðingarinnar sem enn er hluti af hagkerfinu, hið svokallaða umönnunarhagkerfi. Það sama á við um önnur vestræn lönd óháð pólitískri stefnumótun í velferðarmálum. Undir þjónustugeirann falla fjölmörg störf sem hafa verið skilgreind sem „kvennastörf“, t.a.m. umönnunarstörf og almenn skrifstofustörf. Á hinn bóginn einkennast „karlastörf“ fremur af sérhæfðum störfum þar sem meiri möguleiki er á lóðréttum hreyfanleika, þ.e. starfsþróunarmöguleikum og valdastöðum.

Í þessari skýrslu er fjallað um kynjaskiptingu starfa og jafnrétti á vinnumarkaði en ljóst er að konur eru enn í miklum meirihluta starfsfólks í þjónustu- og umönnunarstörfum á opinberum vinnumarkaði en þeim hefur einnig fjölgað verulega í hópi sérfræðinga, embættismanna og stjórnenda hjá hinu opinbera. Kynbundnu náms- og starfsvali hefur verið lýst sem láréttri kynjaskiptingu annars vegar og lóðréttri hins vegar. Hugtakið lárétt kynjaskipting er notað til að lýsa því að konur og karlar gegna ólíkum störfum á vinnumarkaði og kynjaskipting milli starfsgreina er áberandi. Konur eru, eins áður sagði, fjölmennari á opinberum vinnumarkaði þar sem möguleikar á starfsþróun og áhrifum eru takmarkaðir. Lóðréttu skiptingin vísar til þess að innan starfsgreina og vinnustaða gegna karlar og konur ólíkum störfum þar sem karlar eru gjarnan ofar í valdastiganum og virðast enn eiga meiri möguleika á að færa sig upp þann stiga.

Kynjaskipting á vinnumarkaði hefur margþætt áhrif á samfélagslega stöðu karla og kvenna. Hér eru nefnd dæmi um neikvæð áhrif kynjaskiptingar á einstaklinga, vinnuveitendur og samfélag:

Einstaklingar: Kynjaskiptur vinnumarkaður hindrar valmöguleika ungs fólks og hefur þannig áhrif á sjálfsmynd einstaklinga. Kynjaskipting á vinnumarkaði hefur áhrif á lífeyrisréttindi en konur eru mun líklegri en karlar til að njóta eingöngu grunnlífeyris og búa frekar við fátækt á efri árum. Hátt hlutfall þeirra kvenna sem starfa í hlutastörfum er viðvarandi og hefur áhrif á launa- og starfsþróun þeirra.

Vinnuveitendur: Kynjaskipting starfa dregur úr sveigjanleika vinnumarkaðarins. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur til að mynda verið erfitt að manna störf þar sem kynjaskipting er mikil, til dæmis í heilbrigðis- og umönnunargeira og tækni- og byggingargeira.

Samfélagið: Mannauður og menntun nýtist illa á kynjaskiptum vinnumarkaði þar sem kyn einstaklinga ræður náms- og starfsvali en síður hæfni og annað atgervi einstaklinganna. Afleiðingarnar eru einkum vanmat á vinnuframlagi kvenna.

Mari Teigen og Liza Reisel leita í bók sinni skýringa á þeirri þversagnakenndu stöðu að velferðarkerfið og aðrir samhagandi þættir hafi hamlandi áhrif á blöndun vinnumarkaðar og framamöguleika kvenna. Til að mynda hafi ekki reynst mögulegt að tryggja kynjajafnrétti í hinu svokallaða umönnunarhagkerfi eða hvað varðar möguleika karla og kvenna til samhæfingar vinnu- og einkalífs þótt margt hafi færst til betri vegar. Vissulega sé vinnumarkaður einnig mjög kynjaskiptur í öðrum Evrópulöndum sem ekki búa við eins sterkt velferðarkerfi og á Norðurlöndunum og eru eftirbátar norrænna þjóða hvað varðar kynjajafnrétti. Þá hafi konur á Norðurlöndunum betra aðgengi en víða annars staðar að fjölbreyttum störfum og því vinni hið norræna velferðarkerfi ekki eingöngu gegn möguleikum kvenna heldur auki þá á vissum sviðum. Reisel og Teigen segja að ástæðan fyrir því valdaójafnvægi sem þróast hefur milli kynjanna eigi sér uppruna í hefðbundnum skýringum, svo sem fordómum, staðalímyndum og rótgrónum hugmyndum um eiginleika kvenna og karla sem hafi áhrif bæði á framboð og eftirspurn á vinnumarkaði. Konur virðast

frekar vera fastar í hinni lóðréttu kynjaskiptingu á vinnumarkaði þar sem þær klifra síður upp valdastigann en á sama tíma er ljóst að breytingar sem varða lárétta kynjaskiptingu eða blöndun starfa sé mjög hægfara þróun sem tengist umönnunarhagkerfinu sem sömuleiðis bjóði upp á takmarkaða starfsþróunarmöguleika.

Í nýútkominni skýrslu¹ um stöðu karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði, sem unnin var fyrir aðgerðahóp stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins, kemur fram að samkvæmt rannsóknum hefur það að vera í sambúð jákvæð áhrif á laun ungs fólks en mun meiri áhrif á karla en konur og svipaða sögu er að segja af áhrifum þess að hafa börn á framfæri. Einnig er bent á að samkvæmt rannsóknum hafi konur og karlar mismunandi væntingar til launa. Konur sætti sig við lægri laun en karlar, en þegar launafólk hefur börn á framfæri aukast launakröfur. Með tilkomu barna hækkar kostnaður við að sinna vinnu utan heimilis; vinnan verður að borga sig og þess vegna eru launakröfur hærri hjá konum sem eiga börn. Á hinn bóginn virðast barneignir hafa meiri takmarkanir í för með sér fyrir mæður en feður. Á Íslandi hefur velferðarkerfið reynt að mæta kröfum foreldra en þó aðallega með aðgerðum sem ætlað hefur verið að auðvelda konum atvinnuþátttöku. Eins og áður sagði eru konur líklegri en karlar til að vinna hlutastörf en 66% íslenskra kvenna voru í fullu starfi árið 2014 miðað við 87% karla. Þá taka konur mun lengra fæðingarorlof og hverfa frekar af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum. Þessi staða skapar vítahring því vinnuveitendur eru tregari til að fjárfesta í starfsþróun kvenna þegar líklegt er að þær hverfi í styttri eða lengri tíma frá störfum vegna ábyrgðar á ólaunuðum umönnunarstörfum. Nái konur ekki markmiðum sínum á vinnumarkaði aukast líkur á brotthvarfi þeirra og niðurstaðan er sú að hæfileikar þeirra nýtast ekki til fullnustu vegna ofangreindra takmarkana.

Svipuð rök færa Teigen og Reisel, þ.e. að þau hefðbundnu kvennastörf sem áður voru ólaunuð, breyttust í launuð störf og þannig jókst atvinnuþátttaka kvenna. Í ljósi þess að skyldur heima fyrir geta dregið úr getu til að sinna launaðri vinnu þá getur staða kvenna á vinnumarkaði að sama skapi veikt. Þannig eru enn til staðar ósýnilegar hindranir sem hefta konur í að taka að sér meiri ábyrgð og völd. Kynjaskiptur vinnumarkaður felur því í sér ákveðna þversögn sem er tilkomin vegna þess hve hratt atvinnuþátttaka kvenna hefur þróast. Velferðarkerfið er, eins og kom fram í upphafi, ekki föst breyta heldur í sífelldri þróun. Því skiptir máli hvaða ákvarðanir eru teknar til að brjóta upp kynjaskiptingu starfa á vinnumarkaði. Til að mynda ber að hafa í huga hvernig mismunandi ákvarðanir hafa áhrif á launajafnrétti, hlutfall kvenna og karla í hlutastörfum og kynbundið náms- og starfsval. Allir þessir þættir tengjast innbyrðis og byggjast á rótgrónum hugmyndum um staðalmyndir kynjanna, og hafa margvísleg neikvæð áhrif á einstaklinga, vinnumarkaðinn og samfélagið í heild sinni. Staðalmyndir kynjanna hefta valfrelsi stúlkna og drengja með þeim afleiðingum að fáar konur eru sýnilegar í stjórnunarstöðum á almennum vinnumarkaði og karlmenn eru afar fámennir í störfum sem tengjast leik- og grunnskólamenntun og hjúkrun.

Í skýrslunni er fjallað um nýlegar rannsóknir á hlutastörfum og fram kemur að konur velja frekar hlutastörf til að samræma fjölskyldu- og einkalíf. Konur taka lengra fæðingarorlof en karlar og þær eru líklegri til að brúa hið svokallaða umönnunarbíl milli fæðingarorlofs og leikskólavistar barna sinna. Það gera konur með því að dreifa

¹ Velferðarráðuneytið, 2015. *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Staðreyndir og staða þekkingar.* http://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Launamunur_karla_og_kvonna_19052015b.pdf


fæðingarorlofsgreiðslum yfir langt tímabil og velja störf með lágu starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma.

Áhrif og afleiðingar samdráttar, í kjölfar efnahagsþrenginganna árið 2008 á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði, hafa verið ólík. Miklar sviptingar urðu á vinnumarkaði; atvinnuleysi mældist meira en áður hafði þekkt og störfum sem karlar sinna frekar, svo sem í byggingariðnaði, fækkaði meira en hefðbundnum störfum kvenna. Dregið hefur verulega úr atvinnuleysi og hefur það minnkað hraðar meðal karla en kvenna og er það hefðbundin þróun í kjölfar samdráttar þar sem mikil kynjaskipting starfa einkennir vinnumarkaðinn. Fjallað er um samband hagvaxtar, atvinnustigs og atvinnuleysis meðal karla og kvenna í fyrsta kafla skýrslu þessarar.

Í kjölfar efnahagsþrenginganna fóru stjórnvöld í margvíslegar aðgerðir til að koma til móts við breytingar á vinnumarkaði. Á sama tíma brugðust stjórnvöld við halla á ríkisrekstri til að ná fram sparnaði meðal annars með breytingum á skatta- og bótakerfi. Í skýrslunni er fjallað um aðgerðir stjórnvalda og leitast við að leggja mat á áhrif þeirra á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði.


1. Þátttaka kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði.

Íslenskt atvinnulíf og íslenskur vinnumarkaður hefur tekið miklum breytingum síðustu áratugi. Velferðarkerfi sem styður þátttöku á vinnumarkaði og atvinnuhættir sem þarfnast mikils vinnuafli hafa skapað góð tækifæri fyrir hátt atvinnustig. Eins og sjá má á mynd 1 er atvinnuþátttaka á Íslandi ein sú mesta sem mælist meðal OECD-ríkjanna. Í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskur vinnumarkaður lengi haft þá sérstöðu að hlutfall kvenna á vinnumarkaði er meðal þess hæsta sem gerist.



Mynd 1: Atvinnuþátttaka kvenna og karla árið 2014, hlutfall af vinnuafli.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2014.


Á þriðja ársfjórðungi 2015 var atvinnuþátttaka einstaklinga á aldrinum 16–74 ára 83,3% sem samsvarar því að alls hafi 192.800 manns á fyrrgreindum aldri verið á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka íslenskra karla á þessum aldri mældist 87,3% og atvinnuþátttaka kvenna 79,3%.² Munurinn er um 7–8 prósentustig en eins og mynd 2 sýnir, fyrir árabilið 1991–2014, er munurinn mun meiri meðal eldra fólks á vinnumarkaði (55–74 ára).



Mynd 2: Mismunur á atvinnuþátttöku karla og kvenna eftir aldri.
Heimild: Hagstofa Íslands. Vinnumarkaðsrannsókn.

Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist jafnt og þétt síðastliðna áratugi og munur á milli kynja minnkað eins og lesa má af mynd 2. Dregið hefur lítillega úr atvinnuþátttöku hér á landi síðustu ár en hefur, þrátt fyrir efnahagshrunið árið 2008, haldist ein sú allra mesta á Vesturlöndum. Síðasta áratug hefur dregið úr atvinnuþátttöku karla en þátttaka kvenna aukist. Vinnutími hefur styst og dregið hefur úr bilinu milli vinnutíma karla og kvenna; karlar vinna þó enn lengri vinnudag en konur og vinnutími er almennt langur í alþjóðlegum samanburði. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar fyrir fjórða ársfjórðung 2015 var meðalfjöldi heildarvinnustunda á viku 41,5 klukkustundir hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni rannsóknarinnar, 37,1 hjá konum og 45,2 hjá körlum. Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá þeim sem voru í fullu starfi var 45,7 klukkustundir, 42 hjá konum og 48,1 hjá körlum. Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá þeim sem voru í hlutastarfi var 24,8 klukkustundir, 25,6 hjá konum og 23,1 hjá körlum.

² Hagstofa Íslands. *Vinnumarkaðsrannsókn, 2015*. Á vinnumarkaði eða til vinnuafns teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir. Atvinnuþátttaka er hlutfall starfandi og atvinnulausra (vinnuafns) af mannfjölda.



Mynd 3: Hlutfall karla og kvenna í fullu starfi. Heimild: Hagstofa Íslands. Vinnumarkaðsrannsókn.

Meirihluti vinnandi fólks er í fullu starfi en fleiri konur en karlar eru í hlutastarfi eins og lesa má af mynd 3. Árið 2014 var þriðjungur starfandi kvenna í hlutastörfum en 13,5% starfandi karla. Eins og mynd 3 ber með sér hefur konum í fullu starfi fjölgað hlutfallslega en fullvinnandi körlum hins vegar fækkað.

Einkennandi fyrir íslenskan vinnumarkað er mikil kynjaskipting starfa. Almennt er talað um að vinnumarkaður sé kynjaskiptur þegar annað kynið er í miklum meirihluta á tilteknum sviðum hans. Í umræðu um kynjaskiptan vinnumarkað er oft talað um lárétta kynjaskiptingu annars vegar og lóðrétta hins vegar. Hugtakið lárétt kynjaskipting er notað til að lýsa því að konur og karlar gegna ólíkum störfum og að kynjaskipting milli starfsgreina sé áberandi. Hugtakið lóðrétt kynjaskipting vísar til þess að innan starfsgreina og vinnustaða gegna karlar og konur ólíkum stöðum og karlar eru oftast ofar í valdastiganum en konur. Lárétt skipting er meðal annars augljós í starfsgreinum sem tengjast sviðum umönnunar og fræðslu þar sem konur eru í miklum meirihluta. Þá hafa karlastéttir hefðbundið verið tengdar iðnaði, tæknigreinum og framleiðslu. Vegna þessa hafa áhrif og afleiðingar samdráttar, í kjölfar efnahagsþrenginganna árið 2008 á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði, verið ólík.

Í kjölfar efnahagsþrenginganna árið 2008 urðu miklar sviptingar á vinnumarkaði; atvinnuleysi mældist meira en áður hafði þekkt, langtímaatvinnuleysi varð að veruleika og verulegir fólksflutningar frá landinu. Farið var í margvíslegar aðgerðir til að koma til móts við atvinnulaust fólk. Vinnumarkaðsúrræði urðu fjölbreyttari en áður hafði þekkt og því voru áhrif þeirra ekki fyrirséð, sér í lagi ekki mismunandi áhrif úrræða eftir kynjum. Vinnumálastofnun fékk aukið hlutverk í þessu sambandi og útfærði ýmis úrræði í tengslum við átaksverkefni stjórnvalda og samtaka aðila á vinnumarkaði. Nánar verður fjallað um vinnumarkaðsúrræði stjórnvalda í kjölfar efnahagsþrenginganna í lokakafli skýrslunnar.

Meðal niðurstaðna lokaskýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð³ um stöðu kynjanna á vinnumarkaði er að störf karla hreyfist frekar með hagsveiflunni en störf kvenna. Þannig fækkaði störfum sem karlar sinna frekar mikið í kjölfar efnahagsþrenginganna en störfum kvenna ekki í sama mæli. Atvinnuleysi sveiflast einnig með hagsveiflunni en veikara samband er á milli atvinnuleysis og hagsvaxtar meðal karla en fjölgunar starfa og hagsvaxtar. Meðal kvenna er þessu öfugt farið. Það skýrist að hluta til af sveigjanlegum vinnumarkaði sem birtist í fjölgun aðfluttra í uppsveiflu og brottfluttra í niðursveiflu, sérstaklega karla. Rannsóknir sýna að störfum er farið að fjölga aftur. Atvinnuleysi karla hefur minnkað hraðar en kvenna sem er hefðbundin þróun í kjölfar kreppu. Sérstaklega á þetta við um atvinnuleysi karla á höfuðborgarsvæðinu þar sem áhrifa þenslu og samdráttar gætir í meira mæli en á landsbyggðinni. Nánar verður fjallað um þróun atvinnustigs og atvinnuleysisins síðar í þessari skýrslu.

Í desember 2012 var skipaður aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar fernra heildarsamtaka launafólks á vinnumarkaði og viðsemjenda þeirra. Hópnum er samkvæmt erindisbréfi meðal annars ætlað að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, hafa umsjón með innleiðingu jafnlaunastaðalsins ÍST-85:2012 og gerð tillagna til stefnumótunar um leiðir til að brjóta upp kynjaskiptingu starfa á íslenskum vinnumarkaði. Í maí 2015 kynnti aðgerðahópurinn niðurstöður tveggja rannsóknarverkefna sem unnin voru á vegum hópsins. Annars vegar var um að ræða fyrstu rannsóknina á kynbundnum launamun⁴, sem tekur til vinnumarkaðarins í heild, auk viðamikillar rannsóknarskýrslu⁵ um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Rannsóknin á kynbundnum launamun var unnin af Hagstofu Íslands og byggist hún á miklum gagnagrunni um laun og margvíslega þætti um stöðu launamanna sem tekur til árána 2008–2013. Á hverju þessara ára eru tæplega 70.000 launamenn í grunninum.

Gögnin sýna að fleiri konur en karlar eru með háskólapróf en karlar hafa mannaforráð í meira mæli. Jafnframt sýna gögnin að óleiðréttur launamunur er aldursbundinn, mestur hjá eldri aldurshópum. Með tölfræðilegum aðferðum er metið hvaða áhrif einstaka þættir, svo sem kyn, menntun, aldur, starfsaldur og atvinnu- og starfsgrein, hafa á laun. Þannig er hægt að meta hversu mikil áhrif kynferðis eru þegar tillit hefur verið tekið til allra annarra þátta. Þegar horft er til alls gagnatímabilsins kemur í ljós að þannig metinn kynbundinn launamunur er 7,6% á vinnumarkaðnum í heild, meiri á almennum vinnumarkaði (7,8%) en á opinberum vinnumarkaði (7,0%). Í skýrslunni er einnig leitast við að skýra launamyndun hjá körlum annars vegar og konum hins vegar. Sú greining gerir kleift að skipta launamuninum milli skýrðs og óskýrðs hluta þar sem síðari hlutinn felur í sér mat á kynbundnum launamun. Niðurstöður þeirrar greiningar eru þær að óskýrður launamunur er metinn 5,6% fyrir árin 2008–2013 en 5% árin 2011–2013. Þessi greining leiðir einnig í ljós að launamun má að verulegu leyti rekja til kynjaskiptingar starfa á vinnumarkaði. Á þetta

³ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2015. *Vinnumarkaður. Lokaskýrsla fyrir meginmálaflokk fjármála- og efnahagsráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið hófst árið 2011 og í fyrsta áfanga verkefnisins var framkvæmd greining á efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar.*

⁴ Velferðarráðuneytið, 2015. *Launamunur karla og kvenna.* http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Launamunur_karla_og_kvanna_19052015b.pdf

⁵ Velferðarráðuneytið, 2015. *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Staðreyndir og staða þekkingar.* http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Launamunur_karla_og_kvanna_19052015b.pdf

við um lóðréttu skiptingu (eftir starfsstéttum) og lárétta skiptingu vinnumarkaðar (eftir atvinnugreinum).

Í rannsóknarskýrslunni *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði* var leitast við að kortleggja stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði og setja hina mörgu þætti sem staða kynjanna ræðst af í samhengi. Þá eru settar fram tillögur að aðgerðum sem stuðlað geta að auknu jafnrétti á vinnumarkaði.


Í skýrslunni kemur fram að lagalegt jafnrétti sé mikið hér á landi en þó sýna kannanir og rannsóknir fram á viðvarandi kynbundinn launamun sem er undantekningarlaust konum í óhag og skilar sér meðal annars í lægri lífeyrisgreiðslum til kvenna. Rannsóknarskýrslan staðfestir að enn er staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði, þrátt fyrir miklar framfarir, ólík. Samfélagið nýtir í vaxandi mæli mannauð kvenna í stjórnunarstörfum þótt enn séu hindranir á vegi þeirra. Konur eru, eins og áður sagði, líklegri til að vinna hlutastörf og hverfa frekar af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum. Einnig kemur fram í skýrslunni að vinnuveitendur eru tregari til að fjárfesta í starfsþróun kvenna. Í umfjöllun um ráðningar og starfsþróunarmál kemur í ljós að kynbundið misrétti á sér stað og að körlum eru oftast boðin hærra laun en konum. Þá eru konur líklegri til að taka fyrsta launatilboði sem býðst á meðan karlar gera frekar gagntilboð um hærra laun. Launamunur getur því myndast strax í ráðningarferlinu. Meðal tillagna skýrsluhöfunda er að stjórnvöld þurfi að brúa hið svokallaða umönnunartímabil milli fæðingarorlofs og leikskóla. Bilið er í dag að miklu leyti brúað með því að móðirin er lengi í fæðingarorlofi og aðlagar vinnumarkaðspátttöku sína að þörfum fjölskyldunnar. Þá benda skýrsluhöfundar á þá staðreynd að ábyrgðin á auknu jafnrétti á vinnumarkaði liggja ekki síður hjá stjórnendum stofnana og fyrirtækja en hjá starfsfólki. Atvinnurekendur verði að hvetja karla til að taka fæðingarorlof og veita bæði körlum og konum sveigjanleika vegna fjölskylduábyrgðar. Nánar verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna síðar í skýrslu þessari.

Þann 5. september 2014 skipaði félags- og húsnæðismálaráðherra nefnd um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála á Íslandi. Megintilgangur stefnumótunarinnar er að stuðla að velferð þeirra sem eru þátttakendur á vinnumarkaði sem og að tryggja virka atvinnuþátttöku sem flestra í því skyni að auka samkeppnishæfni Íslands. Hlutverk nefndarinnar var jafnframt að kanna þörf fyrir sértækar vinnumarkaðsaðgerðir til að skapa störf í samræmi við menntun og að skoða möguleika á aðgerðum til að laða sérhæft vinnuafli til starfa á innlendum vinnumarkaði. Stefnumótunarvinnan var unnin í víðtæku samráði þar sem í nefndinni áttu sæti fulltrúar samtaka launafólks, atvinnurekenda, sveitarfélaga, stjórnmalaflokka, ráðuneyta og stórra félagasamtaka. Nefndin skilaði félags- og húsnæðismálaráðherra tillögum sínum í júní 2015. Samkvæmt tillögum nefndarinnar til ráðherra er gert ráð fyrir að vinnumarkaðsstefnan taki til árána 2015–2020 en verði endurskoðuð og uppfærð í lok árs 2018. Vinnumarkaðsstefnan var unnin með jafnrétti á vinnumarkaði að leiðarljósi, þar með töldu jafnrétti kynjanna, auk áherslu á jöfn tækifæri ólíkra einstaklinga til atvinnuþátttöku óháð búsetu.⁶

⁶ Velferðarráðuneytið, 2015. *Niðurstöður nefndar um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála á Íslandi*. http://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Nidurstodur_vinumarkadsmal_24062015.pdf

1.1 Þróun fjölda starfsmanna í einstökum starfsstéttum og atvinnugreinum.

Árið 2014 voru 88% starfandi kvenna í starfsstéttunum stjórnendur og embættismenn, sérfræðingar, sérmenntað starfsfólk, skrifstofufólk og þjónustu- og verslunarfólk. Aftur á móti voru 40% karla í starfsstéttunum bændur og fiskimenn, iðnaðarmenn, véla- og vélgæslufólk og ósérhæft starfsfólk.




Mynd 4: Hlutfall kvenna í hverri starfsstétt. Þróun 1991–2014.

Heimild: Hagstofa Íslands. Vinnumarkaðsrannsókn.

Á mynd 4 er sýnt hlutfall starfandi kvenna í hverri starfsstétt árin 1991–2014. Konum hefur fjölgað í stétt sérfræðinga á þessu tímabili, úr 49% árið 1991 í 60% árið 2014. Þá fjölgaði konum í hópi stjórnenda og embættismanna á sama tíma úr 27% í 36%. Konur eru í meirihluta þeirra sem starfa í stétt ósérhæfðs skrifstofufólks en hefur þó fækkað frá því að vera 58% starfsmanna árið 1991 í 47% árið 2014. Enn fremur hefur dregið úr atvinnuþátttöku kvenna í starfsstétt iðnaðarmanna og sérhæfðs verkafólks. Konur hafa því í auknum mæli haslað sér völl í sérhæfðari starfsstéttum þar sem menntunarkröfur eru miklar.

Miklu minni breyting hefur orðið á hlutfalli starfandi karla í hverri starfsstétt á umræddu tímabili eins og mynd 5 sýnir. Körlum hefur fjölgað í starfsstéttum sérfræðinga og þjónustu- og verslunarfólks en fækkað í stéttum bændu, fiskimanna og iðnaðarmanna.



Mynd 4: Hlutfall karla í hverri starfsstétt. Þróun 1991–2014.

Heimild: Hagstofa Íslands. Vinnumarkaðsrannsókn.

Hagstofa Íslands flokkar störf í starfsstéttir samkvæmt íslenska starfaflokkunarstaðlinum ÍSTARF 95, sem byggist á skilgreiningum í alþjóðastarfaflokkuninni ISCO-88.

Töluverð breyting hefur orðið á fjölda starfandi fólks eftir stéttum undanfarinn aldarfjórðung samfara aukinni sérhæfingu. Sérfræðingum hefur fjölgað mest eða um riflega 125%. Þá hefur sérmenntuðu starfsfólki fjölgað um 71%, stjórnendum og embættismönnum um 50% og þjónustu- og verslunarfólki um 40%. Í öðrum stéttum hefur fækkað; skrifstofufólki mest um 43% og bændum og fiskverkafólki um 34%. Iðnaðarmönnum hefur fækkað um 17% frá 1991, en flestir voru þeir um 24.000 árin 1998–2002.

Við hrunið fækkaði í flestum starfsstéttum. Mest fækkaði í stétt skrifstofufólks á árunum 2008–2013, eða úr samtals 10.600 í 6.800 (35% fækkun). Mikill munur er á fjölda karla og kvenna í störfum skrifstofufólks. Árið 2008 störfuðu 8.400 konur og 2.200 karlar í stétt skrifstofufólks en árið 2013 var fjöldi kvenna 5.600 og karlar voru þá 1.200. Störfum í iðnaði fækkaði eftir hrun, sérstaklega meðal karla. Árið 2008 störfuðu 20.300 karlar í iðnaði en fækkaði í 17.200 árið 2009. Fjöldi kvenna í iðnaði hefur þó aukist á tímabilinu, úr 1.800 í 2.500.

Skipting kynjanna eftir atvinnugreinum sýnir með viðlíka hætti að vinnumarkaðurinn er kynbundinn eins og tafla 1 sýnir. Í töflunni kemur fram að um þrjú fjórðu hlutar starfsmanna í fræðslustarfsemi eru konur og fjórir af hverjum fimm í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Karlstörf er einkum að finna í mannvirkjagerð þar sem aðeins 5% starfsmanna voru konur árið 2014, í veitum, landbúnaði og fiskveiðum (konur 21–22% starfsmanna) og í framleiðslu (iðnaði) þar sem 30% voru konur.

Tafla 1: Hlutfall kvenna í hverri atvinnugrein.
Heimild: Hagstofa Íslands. Vinnumarkaðsrannsókn, 2014.


Atvinnugrein	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Landbúnaður og fiskveiðar	23%	22%	21%	17%	21%	28%	22%
Framleiðsla	29%	30%	29%	30%	26%	28%	30%
Rafmagns- og hitaveitur	24%	31%	33%	29%	25%	25%	21%
Vatnsveita, fráveita, förgun úrgangs ¹	22%	13%	14%	16%	14%	17%	13%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	7%	7%	5%	7%	8%	6%	5%
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir	43%	42%	45%	46%	46%	46%	44%
Flutningar og geymsla	31%	33%	33%	32%	33%	28%	34%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	54%	53%	51%	61%	63%	59%	55%
Upplýsingar og fjarskipti	30%	26%	25%	28%	29%	26%	31%
Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	58%	61%	60%	61%	62%	58%	60%
Fasteignaviðskipti	31%	29%	14%	33%	30%	56%	43%
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	40%	42%	47%	46%	47%	41%	38%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	36%	43%	49%	40%	46%	44%	41%
Opinber stjórnsýsla o.fl.	51%	52%	52%	53%	51%	52%	47%
Fræðslustarfsemi	74%	76%	74%	74%	75%	72%	76%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	80%	79%	78%	78%	77%	79%	82%
Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi	50%	50%	43%	47%	49%	46%	51%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	69%	71%	65%	61%	58%	58%	53%

Starfsemi hins opinbera er einkum að finna í atvinnugreinunum opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónusta en í þessum atvinnugreinum unnu 45% starfandi kvenna árið 2014 og nær þrjú fjórðu hlutar starfsmanna voru konur. Með nokkurri einföldun má því segja að konur sinni einkum þeim störfum sem áður voru innt af hendi á heimilum og hið opinbera hefur tekið að sér í verulegum mæli. Árið 2008 störfuðu aðeins 4.200 karlar í heilbrigðis- og félagsþjónustu á móti 23.000 konum. Sama ár störfuðu 4.300 manns við fiskveiðar, 3.900 karlar en aðeins 400 konur. Tölurnar sýna ólíka stöðu karla og kvenna sem verður þó enn meira afgerandi þegar skoðaðar eru tölur fyrir einstaka starfsstéttir. Árið 2011 störfuðu til að mynda 5.515 manns á leikskólum, 5.221 kona og aðeins 295 karlar.

Vaxandi umsvif hins opinbera og aukin atvinnuþátttaka kvenna héldust í hendur á síðari hluta 20. aldar víða um heim. Þegar litið er til annarra landa kemur í ljós mjög viðlíka mynd af kynjaskiptum vinnumarkaði, sérstaklega á hinum Norðurlöndunum. Kvinnagreinar eru fræðslustarfsemi og þó enn fremur heilbrigðis- og félagsþjónusta.

1.2 Þróun atvinnuleysis og atvinnustígs.

Á vinnumarkaði teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki á meðan starfandi teljast þeir sem unnu eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarsvik vinnumarkaðskönnunar eða voru fjarverandi frá starfi sem þeir gegna alla jafna. Atvinnuþátttaka er eins og áður sagði hlutfall starfandi og atvinnulausra (vinnuafli) af mannfjölda 16–74 ára. Þegar horft er á fjölda fólks á vinnumarkaði þarf að gæta þess að samanburður byggist á tíðni misstórra hópa. Hlutfall karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði hefur ekki tekið miklum breytingum. Þannig hefur hlutfall starfandi kvenna af öllu starfandi fólki haldist nánast óbreytt frá árinu 2008, eða um 48%.



Mynd 5: Fjöldi starfandi og utan vinnumarkaðar eftir kynjum 2008–2014.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2014.

Hlutfall þeirra sem í mannafla teljast starfandi hefur lækkað frá bankahruni. Þannig var hlutfall starfandi fólks tæplega 81,4% árið 2007 en var komið niður í 77% árið 2013. Á þessum tíma lækkaði hlutfall starfandi karla úr 85,6% í 79,4%. Athygli vekur að á sama tíma helst hlutfall starfandi kvenna það sama, eða 77%.

Atvinnuleysi hefur ekki verið jafn mikill vandi á Íslandi og almennt í Evrópu ef stuðst er við beinan samanburð. Mest var atvinnuleysi á Íslandi árið 2009; tæplega 9% meðal karla og tæplega 6% meðal kvenna. Allt frá árinu 2010 hefur atvinnuleysi farið minnkandi.

Eins og áður segir komu áhrif kynjaskiptingar vinnumarkaðarins berlega í ljós í kjölfar efnahagsþrenginganna árið 2008. Störfum í byggingariðnaði, sem flest voru mönnum körlum, fækkaði mikið á skömmum tíma og störfum á fjármálamarkaði fækkaði einnig. Í þessum greinum misstu fleiri karlar störf sín en konur. Þannig urðu margir karlar atvinnulausir á skömmum tíma á meðan atvinnuleysi kvenna jókst hægar og fylgdi aðhaldsaðgerðum á vinnumarkaðnum, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. Á móti því atvinnuleysi vógu ný störf í þjónustugreinum, sér í lagi í hótél- og veitingahúsarekstri.


Á þensluárunum 2005–2007 var mikil eftirspurn eftir vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu sem hafði áhrif á atvinnuþátttöku. Atvinnuþátttaka karla á höfuðborgarsvæðinu hefur fylgt meðaltali þátttöku karla á landsvísu, en meira frávik frá landsmeðaltalinu hefur verið varðandi þátttöku karla á landsbyggðinni. Þar náði atvinnuþátttaka karla hámarki (88%) árið 2005 en á höfuðborgarsvæðinu náði hún í hámarki ári síðar.

Á landsbyggðinni hefur verið nokkuð stöðug fjölgun starfandi fólks og áhrifa þensluáranna gætti þar minna en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig varð ekki sama fjölgun starfandi fólks á landsbyggðinni á þensluárunum fyrir hrun eða fækkun þess eftir hrun. Fjölgun starfandi karla á höfuðborgarsvæðinu var mest fyrir hrun og fækkun þar einnig mest

eftir hrun, en starfandi konum fjölgaði jafnt og þétt í gegnum hagsveifluna á höfuðborgarsvæðinu en hélt nokkuð stöðug á landsbyggðinni á sama tímabili.

Meiri munur hefur verið á atvinnuþátttöku kvenna eftir búsetu frá árinu 2003. Á þessu tímabili var atvinnuþátttaka kvenna á höfuðborgarsvæðinu meiri en kvenna á landsbyggðinni, en árin 2013 og 2014 minnkaði munurinn aftur. Atvinnuþátttaka kvenna var meiri á landsbyggðinni fram yfir síðustu aldamót en frá árinu 2005 hefur atvinnuþátttaka kvenna á höfuðborgarsvæðinu verið meiri en á landsbyggðinni. Atvinnuþátttaka kvenna á landsbyggðinni var 79,2% árið 2003 en fór lægst í 74,9% árið 2012 sem er svipuð þátttaka og var árið 2005 þegar hún var 75,3%.

Atvinnuþátttaka kvenna á höfuðborgarsvæðinu hefur verið stöðugri og meiri en á landsbyggðinni þetta tímabil; 78,6% árið 2012, 80,1% árið 2007 og 77,9% árið 2003. Minnst varð atvinnuþátttakan á höfuðborgarsvæðinu árið 2004, eða 77,2%. Líklegt er að stofnanir samfélagsins, heilds dagsvistun leikskólanna, einsetinn skóli og lengri skóladaur, hafi meiri áhrif á atvinnuþátttöku kvenna á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.



Mynd 6: Skráð atvinnuleysi kynjanna eftir landsvæðum, ársfjórðungsleg þróun frá 2008–2014.

Heimild: Vinnuálagstofnun, 2015.

Þær myndir sem sýna þróun atvinnuleysis, bæði í heild og fyrir landsvæði, sýna einnig að atvinnuleysi minnkar hraðar meðal karla en kvenna. Þetta er í samræmi við reynslu annarra landa; í samdrætti eykst atvinnuleysi yfirleitt fyrst hjá körlum en verður meira og varir lengur meðal kvenna þegar fram í sækir.

Athygli vekur að árstíðasveiflur eru meira áberandi í tölunum um atvinnuleysi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi þróast jafnan með reglubundnum hætti yfir árið. Það er mest í marsmánuði og minnst í kringum september. Sveiflurnar eru nokkru meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi atvinnulausra í júní á

landsbyggðinni er þannig jafnan undir ársmeðaltali og í janúar er það jafnan komið yfir ársmeðaltal.

Stutt samantekt yfir þróun atvinnuleysis árið 2014

Á árinu 2014 dróst skráð atvinnuleysi á landinu öllu saman um 1,1% – fór úr 4,5% að meðaltali í janúar 2014 í 3,4% að meðaltali í desember 2014. Á höfuðborgarsvæðinu dróst skráð atvinnuleysi saman um 1,2% á umræddu tímabili en á landsbyggðinni minnkaði skráð atvinnuleysi um 1% á tímabilinu. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem skráð atvinnuleysi minnkaði um 2,1% – fór úr 7,5% að meðaltali í janúar 2014 í 5,4% að meðaltali í desember 2014. Á hinn bóginn hækkaði skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum á umræddu tímabili um 0,1% þegar það fór úr 2,4% að meðaltali í janúar 2014 í 2,5% að meðaltali í desember 2014. Í desember 2014 voru skráðir atvinnuleitendur 5.630 talsins og hafði þeim þá fækkað um 1.560 frá því í janúar 2014 þegar skráðir atvinnuleitendur voru 7.190 talsins.

Þróun atvinnuleysis kvenna og karla á árinu 2014 og 2015

Á árinu 2014 dróst skráð atvinnuleysi karla og kvenna saman um 1,1%. Þannig var skráð atvinnuleysi meðal karla 4,2% að meðaltali í janúar 2014 en var komið niður í 3,1% að meðaltali í desember 2014. Skráð atvinnuleysi meðal kvenna var hins vegar 4,9% að meðaltali í janúar 2014 en 3,8% að meðaltali í desember 2014. Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði skráð atvinnuleysi meðal karla um 1,1% á árinu 2014 þegar það fór úr 4,3% að meðaltali í janúar 2014 í 3,2% að meðaltali í desember 2014. Skráð atvinnuleysi meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu var 5,1% að meðaltali í janúar 2014 en var á hinn bóginn 4,0% að meðaltali í desember 2014 og hafði það því lækkað um 1,1% líkt og skráð atvinnuleysi meðal karla á höfuðborgarsvæðinu á umræddu tímabili.


Árið 2014 minnkaði skráð atvinnuleysi meðal kvenna í öllum landshlutum og varð minnkunin mest á Suðurnesjum (2,5% lækkun) en minnst á Norðurlandi eystra (0,3% lækkun) og á Vestfjörðum (0,4% lækkun). Á sama tímabili jókst hins vegar skráð atvinnuleysi meðal karla í þremur landshlutum eða á Vestfjörðum (0,4% hækkun), á Norðurlandi vestra (0,2% hækkun) og á Austurlandi (0,1% hækkun). Meðal karla minnkaði skráð atvinnuleysi mest á Suðurnesjum, eða um 1,8%.

Í desember 2014 var 2.751 karl skráður án atvinnu hjá Vinnumálfstofnun og hafði skráðum körlum án atvinnu þá fækkað um 864 frá því í janúar 2014 þegar 3.615 karlar voru skráðir án atvinnu hjá stofnuninni. Í desember 2014 voru hins vegar 2.879 konur skráðar án atvinnu hjá Vinnumálfstofnun og hafði konum án atvinnu þá fækkað um 696 frá því í janúar 2014 þegar 3.575 konur voru skráðar án atvinnu hjá stofnuninni.

Á þriðja ársfjórðungi 2015 voru að meðaltali 6.800 einstaklingar án vinnu og í atvinnuleit, eða 3,5% vinnuafilsins. Frá þriðja ársfjórðungi 2014 til þriðja ársfjórðungs 2015 fækkaði atvinnulausum um 900 manns og lækkaði hlutfallið um 0,7 prósentustig. Atvinnuleysi á þriðja ársfjórðungi 2015 mældist 4% hjá konum og 3,1% hjá körlum. Á höfuðborgarsvæðinu mældist atvinnuleysi 4,4% og 2% utan þess.

1.3 Þróun fjölda þeirra sem eru í hlutastörfum.

Samkvæmt Hagstofu Íslands er starfsmaður í fullu starfi ef hann vinnur að jafnaði 35 klukkustundir í hverri viku. Starfsmaður er talinn sinna hlutastarfi ef hann vinnur 1–34 klukkustundir í viku að jafnaði. Á Norðurlöndunum eru það aðeins Noregur og Ísland sem skilgreina hlutastarf á svipaðan hátt.



Mynd 8: Hlutfall karla í hverri starfsstétt. Þróun 1991–2014.
 Heimild: Hagstofa Íslands. Vinnumarkaðsrannsókn.


Kynjaskiptur vinnumarkaður endurspeglast meðal annars í því að konur eru líklegri en karlar til að starfa á opinberum vinnumarkaði. Sérstaklega munar um fjölda þeirra kvenna sem starfa á sviði menntunar og í störfum tengdum heilbrigðismálum. Konur eru 64% opinberra starfsmanna eða næstum því tveir af hverjum þremur starfsmönnum. Vinnuframlag kvenna er samt nokkru minna hlutfallslega þar sem þær eru líklegri til að vinna hlutastarf en karlar.

Eins og lesa má af mynd 8 er hlutfall kvenna í hlutastörfum umtalsvert hærra heldur en karla. Hlutfallið jókst bæði meðal karla og kvenna í kjölfar hrunsins. Árið 2008 gegndu 10% karla hlutastörfum en á sama ári voru 34,5% kvenna í hlutastörfum. Hlutfall karla sem sinnir hlutastörfum hefur aukist nokkuð og var 14% árið 2010 á sama tíma og hlutfallsleg aukning kvenna í hlutastörfum var ekki eins mikil þar sem 37,8% kvenna gegndu hlutastörfum sama ár. Athygli vekur, þegar horft er til þeirra breytinga sem hafa orðið á hlutfalli milli árunna 2008 og 2014, að hlutfallið er nokkuð lægra meðal karla árið 2008 en 2014. Hlutfall kvenna í hlutastörfum hefur á hinn bóginn færst til sama horfs og áður.

Margt hefur áhrif á ástæður þess að fólk kys að vinna í hlutastörfum. Skýringarnar eru þó sérstaklega raktar til samfélagslegra og efnahagslegra ástæðna. Breytingar sem leitt hafa til aukinnar menntunar kvenna, breyttra aðstæðna á vinnumarkaði, breyttra fjölskyldugerða sem og tilkoma fæðingarorlofs hafa haft áhrif á atvinnuþátttöku kvenna. Niðurstöður norrænnar skýrslu, sem unnin var af NIKK – norræna upplýsingasetrinu um kyn, benda til þess að ábyrgð á fjölskyldu og börnum sé aðalástæða þess að konur vinna hlutastörf. Önnur skýring er sú að margir atvinnurekendur bjóða ekki upp á annað en hlutastörf. Bent er á að líkurnar á því að starfsmaður sinni hlutastarfi – ekki að eigin ósk – séu meiri meðal kvenna, þeirra sem ekki eru langskólagengnir og útlendinga. Í skýrslu aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði kemur fram að í vissum

fjölmennum kvennagreinum bjóði atvinnurekendur lítil sem engin tækifæri á öðru en hlutastörfum og þá neyðist starfsfólk til að sætta sig við þau. Þannig er skipulag vinnustaða oft nefnt sem mikilvæg skýring á hlutastörfum kvenna. Í starfsgreinum þar sem góðir möguleikar eru á hlutastarfi og þar sem styttri vinnutími hefur ekki áhrif á starfsþróunarmöguleika velji margar konur að vinna hlutastarf og þar skapist eins konar „hlutastarfamening“. Á sama hátt sýna rannsóknir að í starfsgreinum þar sem full vinna er viðtekin venja vinni konur mun síður í hlutastörfum.

Samkvæmt rannsókn Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur frá 2002 voru flestar konur í hlutastörfum á Íslandi að eigin ósk en ekki vegna þess að þær fengju ekki fullt starf. Í kjölfar efnahagsþrenginganna árið 2008 varð á hinn bóginn meira um að vinnuveitendur þrýstu á starfsfólk að minnka við sig starfshlutfall til að geta komist hjá því að segja fólki upp. Ný rannsókn NIKK á hlutastörfum skýrir frá því að samkvæmt gögnum frá 2012 hafi hlutfall kvenna á Íslandi, sem gegnir hlutastarfi vegna þess að fullt starf er ekki í boði, verið tæplega 30% af þeim konum sem vinna hlutastörf. Hlutfallið meðal karla var svipað eða rúmlega 30%.⁷



Mynd 9: Ástæður hlutastarfa á Íslandi 2012. Heimild: Wennemo Lanninger og Sundström, 2014.

Algengustu ástæðurnar sem konur nefna sem skýringu á því að þær vinni hlutastörf tengjast fjölskyldu- og einkalífi þeirra. Árið 2007 nefndu tæplega 36% íslenskra kvenna sem unnu hlutastörf að það væri meginástæðan og 31,4% svöruðu þannig árið 2012. Það er einnig algengasta ástæðan meðal kvenna á hinum Norðurlöndunum. Fjölskyldu- og einkalíf

⁷ Sjá umfjöllun í skýrslu aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðar til þess að vinna að launajafnrétti kynja: *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Staðreyndir og staða þekkingar*, 2015. http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvonna_29052015.pdf

vegur á hinn bóginn ekki þungt hjá karlmönnum að Finnum undanskildum. Raunar gaf enginn þeirra íslensku karlmannna í hlutastarfi sem spurður var upp að fjölskyldu- og einkalíf væri aðalástæða þess að þeir væru í hlutastarfi. Gildir það um bæði árin sem mælt var. Aðrar ástæður sem vega þungt bæði hjá körlum og konum eru þær að þau gátu ekki fundið fulla vinnu við hæfi. Árið 2012 voru 27,3% kvenna í hlutastörfum vegna þess að þær gátu ekki fengið fullt starf og hafði hlutfallið aukist úr 8,1% frá árinu 2007. Hlutfallið meðal karlmannna var 31,6% 2012 en mældist ekki árið 2007. Árið 2012 gátu 14,3% íslenskra karlmannna ekki unnið fullt starf vegna veikinda eða heilsuþrestra borið saman við 6,9% kvenna. Af þeim karlmönnum sem voru í hlutastarfi gáfu 26,2% upp þá ástæðu að þeir væru að mennta sig á meðan 12,1% kvenna gaf þá ástæðu árið 2012.

Í skýrslu aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnuarkaðarins segir eftirfarandi um hlutastörf og hlutastarfamenningu:

Vísbendingar eru uppi um að á næstu áratugum verði skortur á vinnuafli á Norðurlöndunum vegna þess að öldruðum muni fjölga ört. Sökum þess er það að vissu leyti óhentugt að halda í það fyrirkomulag að hafa fólk í hlutastarfi. Í dag eru sums staðar farin í gang verkefni til að vinda ofan af hlutastarfsfyrirkomulaginu með áherslu á að útrýma hlutastörfum sem eru ekki að eigin ósk starfsmanns. Niðurstöður slíks verkefnis í Svíþjóð sýnir blendnar niðurstöður og m.a. það að þátttakendur sem störfuðu við streituvaldandi störf kusu oft að hverfa til baka í hlutastörf. Rannsóknir sýna einnig að margir, sem vinna hlutastarf sjálfviljugir í umönnunar- og heilbrigðisgeiranum, gera það til að draga úr álagi og jafna sig á milli vakta. Hlutastörf geta þannig verið aðferð til að forðast líkamlega ofþreytu og kulnun í starfi. Þegar svo er komið er kannski gagnlegt að velja því fyrir sér hvort eitthvað í skipulagi starfsins mætti betur fara.

Í Danmörku hefur hlutastörfum fækkað og virðist sem svo að atvinnurekendur séu minna jákvæðir í garð þeirra en áður. Fólk sem vinnur fullt starf er álitid hæfara og tryggara vinnustaðnum. Álit atvinnurekenda gæti því verið að hann fái ekki það besta út úr mannauðnum með því að hafa starfsfólk í hlutastörfum. En fækkun hlutastarfa mætti líka rekja til breyttrar stöðu kvenna, herra menntunarstigs þeirra og aukins sjálfstæðis auk formgerðarlegs stuðnings í samfélaginu sem birtist í aðgengi að daggæslu o.fl. Þá eru fleiri konur eina fyrirvinna fjölskyldu en áður. Óskir þeirra eða beinlínis þörf til að vinna fullt starf getur haft áhrif á að hlutastörfum fækkar í Danmörku.

Sveigjanleiki til að vinna hlutastörf er talinn jákvæður fyrir konur og fjölskyldur þeirra og jafnframt vinnuveitendur. En á sama tíma eru hlutastörf áskorun þegar kemur að kynjajafnrétti. Ef önnur hliðin á peningnum er sú sveigjanlega, þá er hin hliðin sú efnahagslega. Þar sem langtum fleiri konur en karlar vinna hlutastörf eru efnahagslegu áhrifin af því kynjuð. Ef konur velja, t.d. að minnka við sig starfshlutfall vegna fjölskylduáðstæðna, sem enginn karl virðist gera, er ólíklegt að vinnuálag á þær minnki þótt tekjur lækki. Þetta getur leitt til þess að konur séu háðari maka sínum efnahagslega. Val kvenna um sveigjanleika vegna fjölskyldu getur því í raun vegið að efnahagslegu sjálfstæði kvenna og sama má segja að gerist þegar þeim býðst ekki fullt starf heldur einungis hlutastarf. Bent hefur verið á að umrætt val er undir áhrifum af kynjuðum staðalímyndum og félagslegum væntingum til kvenna og mæðra og að þetta sé t.d. mjög áberandi í norskri menningu þar sem töluvert ber á

skoðunum þess efnis að full vinna sé ósamræmanleg hlutverki hinnar „góðu móður“. Þegar slíkar hugmyndir hafa traustar rætur í menningunni má ætla að erfitt verði að breyta fyrirkomulaginu.

En mikilvægasta spurningin er þó alltaf sú hvort yfir höfuð eigi að breyta fyrirkomulaginu. Hlutastörf hafa sína kosti og galla fyrir bæði kynin og fyrir atvinnurekendur. Starfsfólk sem vinnur hlutastörf hefur sömu réttindi og fólk í fullu starfi sem vafalaust gerir þessi störf meira aðlaðandi í augum fólks. Þegar hlutastörf eru þess eðlis að þau hafa lítil áhrif á framamöguleika kvenna og skilyrði fyrir þeim eru góð, nýta fleiri konur sér það að vinna hlutastörf, sérstaklega mæður. Þannig viðhelst fyrirkomulagið um hlutastörf á vinnumarkaði þannig að starfsfólk vinni hlutastörf að eigin ósk og einnig að fólk vinni hlutastörf þegar það vill í raun fullt starf. Menningin á Norðurlöndunum er sú að fullt starf sé normið, en á sama tíma er líka viðtekið og jafnvel æskilegt að konur – sérstaklega mæður – vinni hlutastörf meðfram skyldum þeirra inni á heimilunum. Ekki einungis viðheldur þetta hugmyndinni um karlmennið sem fyrirvinnu, heldur er erfitt að brjóta upp normið um „fulla vinnu“ með umræðu um t.d. styttingu vinnuvikunnar eða að karlar fari að haga sér meira eins og konur og vinna minna. Spurningin er hvort mikilvægara sé að fækka hlutastörfum kvenna eða fjölga hlutastörfum karla, eða eitthvað þar á milli?

1.4 Próun fjárveitinga ríkisins til einstakra starfsstétta – er karllæg slagsíða í atvinnuþróunarstefnu stjórnvalda?

Aðgerðir stjórnvalda sem snerta vinnumarkaðinn hafa aðallega tengst úrræðum fyrir atvinnuleitendur. Að auki var efnt til sérstaks átaks *Allir vinna* sem átti að stuðla að því að landsmenn fjárfestu í viðhaldi á húseignum sínum og legðu þar með sitt af mörkum til atvinnusköpunar. Hvatinn var 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti af aðkeyptri vinnu við eigið húsnæði, en eins og gefur að skilja eru það einkum karlkyns iðnaðarmenn sem sinna slíkri vinnu. Nánar er fjallað um vinnumarkaðsúræði stjórnvalda í kjölfar efnahagshrunsins síðar í skýrslu þessari.

Launakostnaður er helsti mælikvarði á fjárveitingar til einstakra starfsstétta. Í tíð ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs var farið í sérstakt jafnlaunaátak í ársbyrjun 2013 sem fólst í því að verja tilteknu fjármagni til stofnanasamninga á heilbrigðisstofnunum. Fjárhæðin nam 4,8% af launasummu viðkomandi hóps en forsendurnar fyrir þessu viðbótarfjármagni voru þær að um væri að ræða stéttarfélög sem hefðu innan sinna vébanda skilgreinda og afmarkaða kvannahópa sem væru að lágmarki 67% félagsmanna. Jafnlaunaátakið náði því eingöngu til hópa sem starfa á heilbrigðisstofnunum ríkisins en ekki til hjúkrunarheimila eða annarra stofnana sem eru kostaðar af almannafé eða einkarekna.

Sumarið 2009 skrifuðu aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld undir svokallaðan stöðugleikasáttmála þar sem lögð var megináhersla á að verja störf í landinu. Í kjarasamningunum sem fylgdu í kjölfarið var samið um krónutöluhækkningar sem komu þeim launalægstu best og þar með konum. Í kjarasamningum ári síðar samdi ríkið um sambærilegar prósentuhækkningar fyrir öll stéttarfélög og það sama gildi um samningana 2014 að tveimur hópum undanskildum, þ.e. framhaldsskólakennurum og læknum. Hlutfall karla og kvenna í þessum tveimur stéttum er nokkuð jafnt þótt karlar séu nokkru fleiri meðal lækna og konur heldur fleiri meðal framhaldsskólakennara. Að þessu sögðu verður ekki ráðið að það sé karllæg slagsíða í fjárveitingum ríkisins hvað varðar launakjör.

1.5 Umfang styrkja til nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Nokkrir opinberir sjóðir eru starfandi hér á landi sem hafa það meginhlutverk að styðja atvinnulíf, nýsköpun og efla byggðapróun í landinu. Í þessum kafla er að finna samantekt á greiningum sem hafa verið unnar í tengslum við kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð á úthlutunum styrkja úr sjóðum/stofnunum á fjárlagaliðum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Í þessum kafla eru einnig birtar upplýsingar um styrki vegna vaxtasamninga og styrki vegna flutningsjöfnunar.

Samkeppnissjóðir

Í tengslum við verkefnið kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð hefur ráðuneytið greint styrkveitingar til einstaklinga, stofnana og fyrirtækja hjá sex sjóðum á tímabilinu 2009–2013.⁸ Þeir eru: AVS (Aukið virði sjávarfangs), Átak til atvinnusköpunar, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Orkusjóður og Tækniþróunarsjóður. Að auki skoðaði ráðuneytið lánveitingar sem Byggðastofnun veitir til fyrirtækja með það að markmiði að tryggja fyrirtækjum í á landsbyggðinni aðgang að langtímalánnum á sem hagstæðustu kjörum til að stuðla að vexti fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggðanna.

Niðurstöður greiningarinnar sýna að heildarfjárhæð umsókna sem bárust stofnun/sjóðum hafi numið um 29.350 m.kr. á tímabilinu en veittir voru styrkir að fjárhæð 9.104 m.kr. sem samsvarar um 30% af fjárhæð umsókna. Mismunandi var eftir stofnun/sjóðum hvort að fleiri karlar eða konur fengu úthlutaðan styrk en hins vegar var verulegur munur á fjárhæð styrks á milli kynjanna. Í töflu 2 má sjá nánar um úthlutanir styrkja og fjárhæðir þeirra eftir stofnun/sjóðum og kyni.

Tafla 2: Fjöldi úthlutana og fjárhæð styrkja eftir stofnun/sjóði og kyni.

Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015.

Stofnun/sjóður	Úthlutun styrkja %			Fjárhæð styrkja í m.kr.			
	KK	KVK	Bæði kynin	KK	KVK	Bæði kynin	% af veittum styrkjum til KVK m.v. KK
Aukið virði sjávarfangs	43	47	-	1.266	385	-	23%
Átak til atvinnusköpunar	24	18	27	139	85	129	38%
Byggðastofnun (lán)	55	47	65	2.364	92	973	4%
Framkv. sjóður ferðam. staða	18	33	25	490	139	16	22%
Framleiðnisj. landbúnaðarins	48	49	75	188	100	318	35%
Orkusjóður	31	24	-	113	13	-	10%
Tækniþróunarsjóður	23	32	-	1.698	596	-	26%

⁸ Upphaflega var Samkeppnisdeild verkefnasjóðs sjávarútvegsins talin með en þar sem hún er ekki lengur starfandi er henni sleppt út.

Þegar allir styrkirnir á tímabilinu voru lagðir saman kom í ljós að karlmenn fengu að meðaltali um 81% af heildarfjárhæð styrkjanna en aðeins 19% komu í hlut kvenna. Tekið skal þó fram að í þessum tölum er aðeins miðað við umsóknir/styrki frá annað hvort konum eða körlum en þeim umsóknum/styrkjum sleppt sem konur og karlar standa sameiginlega að.

Búvörusamningar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur einnig unnið að greiningu á búvörusamningum í tengslum við kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Greind voru gögn Matvælastofnunar úr beingreiðsluskrá vegna sauðfjárræktar og garðyrkju. Gagnagrunnar voru keyrðir saman við þjóðskrá og í viðeigandi tilvikum við fyrirtækjaskrá. Í þeim tilvikum sem félög þáðu beingreiðslur og bæði karl og kona voru eigendur var handhafi skilgreindur sem blandaður. Í einhverjum tilvikum var ekki hægt að greina handhafa í kyn. Samtals fengu karlar greitt í formi beingreiðslna vegna búvörusamninga 7.544,2 m.kr. á tímabilinu 2009–2012 en konur fengu 940,4 m.kr. Í tilvikum þegar bæði kynin voru eigendur var fjárhæðin samtals 484,1 m.kr. eins og sjá má í töflu 3. Ef horft er til síðasta greiðsluárs, 2012, sést að í sauðfjárrækt fengu konur um 258 m.kr eða 12% af heildarbeingreiðslum. Blandað hlutfall handhafa fékk tæplega 3% heildargreiðslna. Í garðyrkju fengu karlar 132 m.kr. á árinu 2012 en konur um 1,1 m.kr.

Tafla 3: Beingreiðslur vegna búvörusamninga.
Heimild. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

	Konur	Karlar	Blandað	Hlutfall styrkja til kvk af heildarstyrkjum til kvk og kk
Sauðfjárrækt				
2009	207,7	1.708,0	48,9	10,8%
2010	222,6	1.724,4	52,6	11,4%
2011	247,5	1.788,4	56,8	12,2%
2012	257,6	1.854,9	61,1	11,9%
Ræktun grænmetis				
2009	1,4	108,7	61,4	1,3%
2010	1,4	112,1	63,3	1,2%
2011	1,1	115,6	69,3	0,9%
2012	1,1	132,1	70,7	0,5%
Samtals greitt	940,4	7.544,2	484,1	

Aðrir opinberir styrkir sem veittir eru til nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Vaxtarsamningar 2010–2013

Vaxtarsamningar ná til allra þeirra svæða þar sem heimilt er að veita byggðastyrki á Íslandi, sbr. byggðakort samþykkt af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Starfssvæði

vaxtarsamninga fara saman við starfssvæði atvinnuþróunarfélaga og eru það atvinnuþróunarfélögin, hvert á sínu svæði, sem annast framkvæmd samninganna.

Markmið vaxtarsamninga er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins. Leiðir að þessu markmiði skulu meðal annars vera að:

1. Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
2. Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
3. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
4. Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
5. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
6. Laða að alþjólega fjárfestingu og þekkingu.

Áhersla er lögð á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á mismunandi sviðum eftir því hvar styrkleikar einstakra svæða liggja. Er vísað í því efni til vefsíðna viðkomandi vaxtarsamninga. Byggðastofnun metur hvort skilyrði eru til útborgunar framlags til vaxtarsamninga.

Tafla 4: Fjöldi verkefna og þátttaka.

Heimild: Byggðastofnun, 2015.

Landshluti	Fjöldi verkefna sem hlutu styrk	Meðaltalsfjöldi þátttakenda í verkefni	Heildarfjöldi aðila í verkefnum	Fjöldi verkefna með þátttöku rannsóknarstofnana og/eða háskóla	Fjöldi virkra klasa og samstarfshópa	Fjöldi þátttöku-fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn	Fjöldi þátttöku-fyrirtækja með 10 eða fleiri starfsmenn
Vesturland	61	7,1	434	19	4		
Vestfirðir	78	5,7	445	50	2		
Norðurland vestra	28	5,5	154	18	7	72	16
Eyjafjörður	37	3,4	126	19	7	49	77
Norðausturland	45	5,3	240	23	5	73	41
Austurland	68	7,0	476	39	6		
Suðurland	72	9,2	662	45	12		
Suðurnes	68	5,0	317	23	54	40	28
Samtals:	457	6,0	2.854	236	97	234	162

Alls hlutu 457 verkefni styrk; af þeim sem stóðu að umsóknunum voru 240 karlar og 179 konur umsækjendur og/eða verkefnisstjórar. Í 38 verkefnum voru umsækjendur/verkefnisstjórar tveir eða fleiri af báðum kynjum.

Tafla 5: Kynjaskipting styrkþega vaxtarsamninga á tímabilinu 2010–2013.
Heimild: Byggðastofnun, 2015.


Landshluti	Karlar	Konur	Upphæð styrkja karlar	Upphæð styrkja konur
Vesturland	29	32	37,4	45,2
Vestfirðir	51	27	86,0	43,5
Norðurland vestra	17	11	31,5	27,0
Eyjafjörður	30	7	66,3	25,1
Norðausturland	22	23	47,1	31,3
Austurland	38	30	44,8	48,4
Suðurland	41	31	90,4	54,0
Suðurnes	12	18	66,3	25,1
Samtals:	240	179	469,8	299,6

Taka verður þessum tölum með fyrirvara þar sem í mörgum verkefnum var umsóknaraðilinn stofnun og í þeim tilvikum var kyn verkefnisstjóra notað við greiningu. Auk þess verður að hafa í huga að verkefni geta einnig verið fyrir bæði kynin þó að karl/kona sé umsóknaraðili.

Styrkir vegna svæðisbundinnar flutningsjöfnunar


Byggðastofnun veitir styrki í samræmi við lög nr. 160/2011, um svæðisbundna flutningsjöfnun vegna flutninga á vörum í atvinnuskyni. Styrkirnir eru veittir til allra þeirra svæða þar sem heimilt er að veita byggðastyrki á Íslandi, sbr. byggðakort samþykkt af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Markmiðið með svæðisbundinni flutningsjöfnun er að styðja við framleiðsluáætlun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa þar af leiðandi við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.⁹

⁹Flutningsjöfnunarstyrkir eru veittir til einstaklinga og lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: Einstaklingar sem stunda atvinnurekstur og eru með lögheimili á styrkswæði og lögaðilar sem eru með starfsemi og heimilisfesti á styrkswæði. Umsækjandi þarf að stunda framleiðslu á vöru sem fellur undir c-bálk íslensku atvinnugreinaflokunarinnar ÍSAT2008. Innanlandsmarkaður, þar sem framleiðsluvaran er seld, til dæmis útflutningshöfn, þarf að vera í að minnsta kosti 245 km fjarlægð frá framleiðslustað. Með öðrum orðum þarf að flytja tilbúna framleiðsluvöru að lágmarki 245 km frá framleiðslustað til þess að geta yfirleitt sótt um styrk. Ef allur markaður/útflutningshöfn er innan við 245 km fjarlægð frá framleiðslustað = þá er ekki hægt að sækja um styrk fyrir flutningi á tilbúnni framleiðsluvöru né flutningi á hráefni eða umbúðum. Hluti markaðar/útflutningshöfn er í meira en 245 km fjarlægð frá framleiðslustað = þá er hægt að sækja um styrk fyrir flutningi á framleiðsluvörinni og því hráefni og umbúðum sem flutt er meira en 245 km á framleiðslustað. Ef 50% af framleiðsluvöru eru send meira en 245 km þá er hægt að sækja um styrk fyrir 50% af flutningi umbúða og hráefna. Athugið að halda þarf sölu og innkaupum á þeim hluta sem sótt er um styrk fyrir aðgreindum í bókhaldi. Allur markaður/útflutningshöfn er í meira en 245 km fjarlægð frá framleiðslustað = þá er hægt að sækja um styrk fyrir flutningi á framleiðsluvörinni sem og hráefni og umbúðum sem flutt er meira en 245 km á framleiðslustað.



Mynd 10: Úthlutun árin 2013–2014 samkvæmt lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun.
Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015.

Árið 2013 úthlutaði Byggðastofnun í fyrsta sinn styrkjum vegna flutninga á vörum í atvinnuskyni á árinu 2012. Alls fengu 75 fyrirtæki styrki á árinu og nam heildarfjárhæð styrkjanna 169,8 m.kr. Af þeim 75 fyrirtækjum áttu konur eignarhlut í 29 fyrirtækjum og fengu þau fyrirtæki samtals 43,9 m.kr., eða tæplega 26% af heildarfjárhæðinni. Fyrirtæki sem voru eingöngu í eigu karla fengu 56,0 m.kr. (33%) og 69,9 m.kr. (41%) fengu fyrirtæki sem voru ókyngreind. Á árinu 2014 var úthlutað styrkjum að fjárhæð 155 m.kr. sem skiptist þannig að 46,9 m.kr. fór til fyrirtækja þar sem konur áttu eignahlut í fyrirtæki (30%), 55 m.kr. fór til fyrirtækja sem eingöngu voru í eigu karla (35,5%) og 53 m.kr til ókyngreindra styrkþega (34,2%). Sjá dreifingu styrkja milli kynja á mynd 10.



Mynd 11: Úthlutun styrkja vegna flutninga á vörum í atvinnuskyni til fyrirtækja, 2013–2014.


Heimild: Byggðastofnun, 2015.

Mynd 11 sýnir eignarhlut kynjanna óháð því hver sá eignarhlutur er, þ.e. í sumum tilvikum getur kona eða karl átt minna en 1% hlut. Ákveðið var því að flokka sérstaklega fyrirtæki þar sem konur ættu a.m.k. 25% eignarhlut. Í ljós kom að 30,7 m.kr., eða 18,2% af heildarfjárhæð styrkja 2013, fór til fyrirtækja þar sem konur áttu a.m.k. 25% eignarhlut og 32,6 m.kr. fóru til þeirra á árinu 2014, eða 21% af heildarfjárhæð styrkja.

1.6 Þróun fjölda háskóla- og framhaldsskólanema greint niður á deildir.

Hér er fjallað um þróun fjölda háskóla- og framhaldsskólanema, greint niður á deildir, en einnig er leitast við að gefa yfirlit yfir aukna skólasókn eftir kyni frá árinu 2008 eins og óskað var eftir í beiðni Alþingis.

Hagstofa Íslands safnar á hverju hausti gögnum um nemendur í framhaldsskólum og háskólum. Birtar eru tölur um nemendur í skólum eftir kyni, kennsluformi, námsbrautum og stöðu í námi. Þegar skipting kynja er skoðuð eftir skólastigum, samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008, fyrir árið 2013, kemur í ljós að konur eru 51% nemenda á framhaldsskólastigi, 35% nemenda á viðbótarstigi og 62% nemenda á háskólastigi.




Mynd 12: Fjöldi nemenda á framhalds-, viðbótar-, og háskólastigi 2013.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2014.

Það vekur athygli að einungis á viðbótarstigi eru karlkyns nemendur fleiri kvenkyns. Viðbótarstig er á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs en á þessu stigi má finna margvíslegt starfsnám, svo sem meistaranám löggiltra iðngreina, iðnfræði, leiðsögunám, ferðafræðinám, 4. stig vélstjórnar og margmiðlun. Nemendum á viðbótarstigi fækkar töluvert á tímabilinu milli 2008 og 2013. Þeir voru 1244 árið 2013, 784 karlar og 460 konur. Árið 2013 voru nemendur á viðbótarstigi 905 talsins, 584 karlar og 321 kona.

Mest er fjölgun nemenda á háskólastigi á tímabilinu frá 2008 til 2013. Árið 2008 voru nemendur alls 16.882 – 6.033 karlar og 10.849 konur. Hlutfall kvenna er 64%. Árið 2013 voru nemendur á háskólaskólastigi orðnir 19.479 þar sem hlutfall kvenna hefur minnkað lítillega og er orðið 62%. Á þessu tímabili er hlutfallsleg fjölgun karla á háskólastigi meiri en kvenna. Karlar voru samkvæmt ÍSNAM2008 6.033 talsins árið 2008 en 7.316 árið 2013.




Mynd 13: Fjöldi af fjölda karla á mismunandi skólastigum árin 2000–2013.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2014.

Mestu sveiflur í fjölda nemenda er að sjá á doktorsstigi sem skýrist meðal annars af því hversu fámennur hópurinn er. Þó er vert að benda á að umtalsverð fjölgun hefur átt sér stað á tímabilinu. Árið 2008 voru nemendur á doktorsstigi 283 talsins en eru árið 2013 þeir orðnir 491. Konur eru í meirihluta öll árin; árið 2008 voru þær 58% doktorsnema. Árið 2013 voru konur 305 talsins og 62% doktorsnema. Háskóli Íslands hóf árið 1990 að bjóða upp á doktorsnám í einstökum deildum sem uppfylltu áveðin fagleg skilyrði og sjö árum síðar, árið 1997, var fyrsti nemandinn brautskráður með doktorsgráðu. Á árunum 1991–2000 brautskráðust 94 nemendur með doktorsgráðu, þar af 26 konur. Árið 2014 luku 82 nemendur doktorsprófi eða litlu færri en alla 20. öldina.


Konur eru í meirihluta nemenda á öllum sviðum náms nema í greinum verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerðar ásamt þeim sviðum sem falla undir raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði. Breytingar á því tímabili sem gögnin lýsa eru litlar. Almennt fjölga bæði körlum og konum og á sumum sviðum jafnast hlutfallið lítillega. Á sviðum landbúnaðar og dýralækninga var hlutfall kvenna 59% árið 2008 og fellur niður í 49% árið 2013. Á sviði menntunar er hlutfallsleg fjölgun karla á meðan konum fækkar. Konum sem skráðar voru í nám á sviði menntunar fækkaði úr 2.306 árið 2008 í 1.860 árið 2013.



Mynd 14: Námsval kvenna á framhalds- og háskólastigi 2013.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2014.

Námsval kvenna og karla á framhalds- og háskólastigi má skoða á myndum 14 og 15 en það endurspeglar kynjaskiptingu starfa á vinnumarkaði. Myndin hér að ofan sýnir námsval kvenna á framhalds- og háskólastigi og má þar sjá að um það bil þrjú fjórðu hlutar kvenna velja nám á sviði heilbrigðisvísinda, félagsvísinda, hugvísinda og menntunarfræða. Myndin hér að neðan sýnir fæð karla í heilbrigðis- og menntunarfræðum en jafnframt að ríflega þriðjungur karla sækir í nám á sviði raunvísinda og verkfræðigreina, en einungis 11% kvenna velja fög á umræddum námssviðum. Mestan mun á kynjaskiptingu námsmanna innan einstaka flokka má sjá á sviðum menntunar og náms sem falla undir heilbrigði og velferð. Breytingar á því tímabili sem gögnin lýsa eru litlar. Almennt fjölgar bæði körlum og konum og á sumum sviðum jafnast hlutfallið lítillega. Á sviðum landbúnaðar og dýralækninga var hlutfall kvenna 59% árið 2008 og fellur niður í 49% árið 2013. Á sviði menntunar er hlutfallsleg fjölgun karla á meðan konum fækkar. Konum sem skráðar eru í nám á sviði menntunar fækkaði úr 2.306 árið 2008 í 1.860 árið 2013.



Mynd 15: Námsval karla á framhalds- og háskólastigi 2013.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2014.

Tölur um nemendur á framhaldsskólastigi sýna að þeim hefur fækkað nokkuð síðastliðin ár. Árið 2008 var heildarfjöldi nemenda 28.899 en fimm árum síðar hefur nemendum fækkað um 2.013 og eru þá 26.886 talsins. Þá sýna tölur einnig að dregið hefur saman með körlum og konum sem stunda nám á framhaldsskólastigi. Árið 2008 voru konur 54% nemenda, alls 15.618, en árið 2013 voru konur 51% nemenda eða 13.781. Þessa fækkun kvenna í framhaldsskólum er að hluta til hægt skýra með breytingum á mannfjöldanum þar sem íbúum á Íslandi á aldrinum 16–20 ára fækkaði um 200 en íbúum á aldrinum 21–25 ára fjölgaði um 700 á milli þessara ára. Þá hefur skólasókn á framhaldsskólastigi, sem hlutfall af mannfjölda, breyst nokkuð. Árið 2008 var hlutfall kvenna í aldurhópnum 18–20 ára, sem sækir framhaldsskóla, 65,9% en árið 2012 var hlutfallið orðið 61,9%.

Tafla 6: Fjöldi nemenda innan einstakra námsgreina í íslenskum háskólum á árunum 2008–2011. Heimild: Hagstofa Íslands, 2014.

Námsbraut:	Fjöldi karla				Fjöldi kvenna				Hlutfall kvenna				Nemendur alls 08-11
	2008	2009	2010	2011	2008	2009	2010	2011	2008	2009	2010	2011	
Hjúkrunarfræði	17	20	16	19	667	732	745	729	98%	97%	98%	97%	2.945
Leikskólakennarafr.	11	7	6	3	350	282	189	114	97%	98%	97%	97%	962
Uppeldis- og menntunarfr.	41	64	82	65	419	480	513	499	91%	88%	86%	88%	2.163
Félagsráðgjöf	23	28	36	39	232	313	368	432	91%	92%	91%	92%	1.471
Listfræði	10	20	17	20	98	120	114	113	91%	86%	87%	85%	512
Þroskaþjálfun	28	22	16	14	222	196	182	166	89%	90%	92%	92%	846
Grunnskólakennarafr.	137	134	115	116	789	817	701	586	85%	86%	86%	83%	3.395
Mannfræði	25	37	41	53	124	155	198	228	83%	81%	83%	81%	861
Þjóðfræði	15	18	21	34	63	97	120	154	81%	84%	85%	82%	522
Íslenska	29	50	45	41	107	148	124	120	79%	75%	73%	75%	664
Sálfræði	143	215	240	263	433	507	605	710	75%	70%	72%	73%	3.116
Ferðamál	35	43	65	83	105	148	193	226	75%	77%	75%	73%	898
Lýfjafræði	37	30	26	23	110	89	102	109	75%	75%	80%	83%	526
Íslenska f. erlenda nem.	45	50	61	75	130	122	141	169	74%	71%	70%	69%	793
Félagsfræði	61	76	83	72	164	167	173	178	73%	69%	68%	71%	974
Almenn bókmenntafræði	34	40	45	46	78	78	95	121	70%	66%	68%	72%	537
Kennsluréttindánám	92	97	126	40	209	151	187	50	69%	61%	60%	56%	952
Enska	82	95	103	109	184	203	202	232	69%	68%	66%	68%	1.210
Opinber stjórnsýsla	54	57	57	62	120	119	143	148	69%	68%	72%	70%	760
Endurskoðun	34	58	74	64	73	72	69	65	68%	55%	48%	50%	509
Líffræði	48	80	79	72	99	110	97	99	67%	58%	55%	58%	684
Viðskiptastjórnun	209	145	126	121	318	239	238	251	60%	62%	65%	67%	1.647
Markaðs- og útflutningsfr.	109	113	134	130	163	156	185	230	60%	58%	58%	64%	1.220
Læknisfræði	117	107	123	127	172	165	162	166	60%	61%	57%	57%	1.139
Lögfræði	496	546	572	561	642	694	667	715	56%	56%	54%	56%	4.893
Viðskiptalögfræði	66	73	72	69	83	88	70	69	56%	55%	49%	50%	590
Viðskiptafræði	673	582	609	637	832	693	658	654	55%	54%	52%	51%	5.338
Jarðfræði	46	64	67	88	56	69	74	85	55%	52%	52%	49%	549
Íþróttakennarafræði	112	141	164	154	125	141	148	145	53%	50%	47%	48%	1.130
Viðskiptafr. á fjármálaviði	135	159	140	160	149	140	129	138	52%	47%	48%	46%	1.150
Stjórnmálafræði	121	139	140	135	112	145	129	112	48%	51%	48%	45%	1.033
Rekstrarverkfr./fjármálaverkfr.	137	134	123	102	122	104	77	61	47%	44%	39%	37%	860
Hagfræði	206	198	209	195	137	115	120	112	40%	37%	36%	36%	1.292
Sagnfræði	138	150	174	204	91	101	118	135	40%	40%	40%	40%	1.111
Heimspæki	82	109	116	128	46	50	60	59	36%	31%	34%	32%	650
Umhv.- og byggingarverkfr.	134	141	141	117	70	77	65	70	34%	35%	32%	37%	815
Véla- og iðnaðarverkfr.	270	297	345	339	111	110	132	142	29%	27%	28%	30%	1.746
Tölvunarfræði	417	421	473	559	71	68	67	97	15%	14%	12%	15%	2.173
Byggingartæknifr.	134	138	126	98	21	29	25	29	14%	17%	17%	23%	600

Taflan hér að ofan sýnir fjölda nemenda innan einstakra námsgreina í íslenskum háskólum á árunum 2008–2011. Eins og tölur um fjölda nema, skipt eftir sviðum, sýna þá varð ekki mikil breyting á þessu tímabili. Taflan er einfölduð til þess að sýna eingöngu þær námsgreinar sem höfðu á tímabilinu samanlagt 500 nemendur eða fleiri. Þessi einföldun gefur 39 námsgreinar fyrir tímabilið. Gögnunum er raðað eftir hæsta hlutfalli kvenna innan námsgreina á árinu 2008. Athygli vekur að miðgildi hlutfalla í þessari töflu er 69% fyrir árið 2008. Það þýðir, að teknu tilliti til fyrirvara í framsetningu, að í um helmingi námsgreina eru karlar undir 30%. Munurinn á hlutfalli karla og kvenna í einstökum greinum er mjög mikill. Í greinum á borð við hjúkrunarfræði, leikskólakennarafræði, uppeldis- og menntunarfræði, félagsráðgjöf og listfræði er munurinn slíkur að árið 2008 ná karlar því ekki að vera einn á móti hverjum tíu konum. Á hinn bóginn eru greinar eins og byggingarverkfræði, tölvunarfræði, véla- og iðnaðarverkfræði þar sem konur eru í mjög miklum minnihluta. Almenn er lítil breyting í þróun hlutfalls innan námsgreina á tímabilinu.


Eins og fram kemur hér að ofan er kynjaskipting eftir námsgreinum í framhalds- og háskólanámi mjög mikil og íslenskur vinnumarkaður þar af leiðandi kynskiptur. Á hinum Norðurlöndunum er kynbundið náms- og starfsval einnig töluvert en óvída eins greinilegt og á Íslandi. Í almennum vinnumarkaðs- og jafnréttisfræðum teljast starfsstéttir og vinnustaðir annaðhvort til kvenna- eða karlastétta eða vinnustaða ef mikill meirihluti starfsmanna, eða

yfir 75%, er af öðru kyninu. Hér á landi á þessi skilgreining til að mynda við um starfsstéttir eins og annars vegar lögregluna sem er karlastétt og hins vegar hjúkrun og félagsráðgjöf sem eru kvennastéttir. Í störfum lögreglunnar, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga, sem hér eru nefnd sem dæmi, er þjónusta við almenning ríkur þáttur starfsins og snertir því bæði karla og konur. Er því mikilvægt að sú þjónusta taki mið af báðum kynjum og að starfsumhverfið sé aðlaðandi vettvangur fyrir einstaklinga óháð kyni.

Eitt af verkefnum aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti er að vinna að framkvæmdaáætlun um uppbrot hins kynskipta vinnumarkaðar. Undirbúningur verkefnisins er hafinn en leitað verður eftir samstarfi við fagfélög og horft til fyrirmynda á hinum Norðurlöndunum þar sem víða hefur gengið betur en hér á landi að fjölga körlum í umönnunar- og hjúkrunarstörfum sem og konum í verk- og tæknigreinum.

1.7 Atvinnuþátttaka háskólanema.

Tölur um atvinnuþátttöku námsmanna byggja á gögnum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands og taka mið af sjálfsmati. Ekki er að finna einhlíta skilgreiningu á aðferð við að meta atvinnuþátttöku námsmanna sem gerir greinarmun á námi með atvinnu eða atvinnu með námi. Tölur um atvinnuþátttöku karla og kvenna árið 2014 byggjast á áætlun Hagstofu Íslands.



Mynd 16: Atvinnuþátttaka námsmanna 25 ára og eldri.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2015.

Tölurnar sýna almenna samsvörun við upplýsingar um atvinnuþátttöku karla og kvenna sem fjallað var um í fyrsta kafla skýrslu þessarar. Karlar vinna að jafnaði meira með námi en konur. Árið 2008 vinna 84% karla með námi á sama tíma og 70,6% kvenna vinna með námi. Á árunum eftir hrun dregur nokkuð úr atvinnuþátttöku námsmanna sem var minnst árið 2011

þegar 74,9% karla vinna með námi og 63,9% kvenna. Tekið skal fram að gögnin ná einvörðungu til nemenda sem eru 25 ára eða eldri og tölur fyrir árið 2014 eru áætlaðar.

2. Barneignir og fæðingarorlof.

Samkvæmt markmiðssetningu laga um fæðingarorlof áttu lögin annars vegar að tryggja barni samvistir við bæði föður og móður og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Fæðingarorlof karla og aukin ábyrgð á umönnunarsviði fjölskyldulífsins gæti því jafnað stöðu karla og kvenna þar sem konur væru ekki sem hópur óöruggt vinnuafli á vinnumarkaði frekar en karlar. Auk þess hefur verið talið að uppeldisleg áhrif þess að börn verði vitni að samvinnu foreldra á heimili og uppbroti á íhaldssömum kynhlutverkum stuðli að auknu kynjajafnrétti til lengri tíma lítið. Frá því að löggjöfin tók fyrst gildi hafa verið gerðar ýmsar breytingar sem varða fjárhæðir greiðslna og lengd viðmiðunartímabila varðandi meðallaun og lengd orlofsins. Samkvæmt upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði eru mánaðarlegar greiðslur úr sjóðnum til foreldris í fullu fæðingarorlofi 80% af meðaltali heildarlauna eða reiknaðs endurgjalds á viðmiðunartímabili vegna barna sem fæðast á árinu 2015 og síðar, þó aldrei hærri en 370.000 kr. Mánaðarleg greiðsla til foreldra í 25–49% starfi er aldrei lægri en 100.720 kr. og mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 50–100% starfi er aldrei lægri en 139.591 kr. Mánaðarlegur fæðingarstyrkur til foreldris utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi er 60.911 kr. en mánaðarlegur fæðingarstyrkur til foreldris í fullu námi (75–100%) er 139.591 kr.

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í desember 2014 starfshóp um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum hér á landi. Er hópnum sérstaklega ætlað að huga að með hvaða hætti unnt sé að tryggja að markmiðum laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum um að tryggja barni samvistir við báða forelda sína og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, verði sem best náð. Meðal annars kemur fram í skipunarbréfi fulltrúa starfshópsins að líta þurfi til þess hvernig endurheimta megi þann megintilgang fæðingarorlofskerfisins að stuðla að því að röskun á tekjuinnkomu heimilanna verði sem minnst þegar foreldrar leggja niður störf í fæðingarorlofi til að annast börn sín. Þá á einnig að huga að því að tryggja samfellu milli fæðingarorlofs og þeirra dagvistunarúrreða sem eru fyrir hendi þegar fæðingarorlofi lýkur.

Starfshópurinn hefur ekki enn lokið störfum en mikilvægt þykir að þegar tillögur hans liggja fyrir verði tryggt nægjanlegt fjármagn svo unnt verði að fylgja þeim eftir í því skyni að markmiðum laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, verði sem best náð.


2.1 Nýting foreldra á rétti til fæðingarorlofs.

Við lestur tölulegra upplýsinga um nýtingu foreldra á rétti til fæðingarorlofs hér á eftir er mikilvægt að eftirfarandi atriði séu höfð í huga:

1. Í samantektinni er í öllum tilvikum miðað við fæðingarár barna, það ár sem þau eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur. Ekki er miðað við greiðsluár. Með því að skoða tölur eftir fæðingarári barna o.s.frv. má betur sjá nýtingu foreldra á rétti sínum til fæðingarorlofs heldur en ef tölur væru skoðaðar eftir greiðsluári.
2. Hafa ber í huga að endanlegar tölur vegna barna sem voru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2012–2014 liggja ekki fyrir fyrir en um áramótin 2015/2016 (vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2012–2013) og áramótin 2016/2017 (vegna barna sem eru fædd, ættleidd

eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2014). Skýringin á þessu er lengd þess tíma sem foreldrum er heimilt að nýta réttindi sín til fæðingarorlofs.

3. Foreldrar barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur til 30. júní 2009 höfðu 18 mánuði til að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Foreldrar barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá 1. júlí 2009 – 31. desember 2012 hafa 36 mánuði til að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs og foreldrar barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá árinu 2013 hafa 24 mánuði til að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs.
4. Á því tímabili sem samantektin tekur til hafa orðið nokkrar breytingar á hámarksfjárhæðum úr Fæðingarorlofssjóði. Þannig voru hámarksgreiðslur úr sjóðnum 535.700 kr. á mánuði til foreldra barna sem voru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2008. Hámarksfjárhæðin lækkaði í 400.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2009. Þær lækkuðu í 350.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. júlí – 31. desember 2009 og í 300.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 2010–2012. Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækkuðu í 350.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2013 og loks hækkaði hámarksfjárhæðin í 370.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2014.
5. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra á vinnumarkaði annars vegar og greiðslu fæðingarstyrkja til foreldra utan vinnumarkaðar eða í fullu námi hins vegar. Í samantektinni er einungis verið að skoða stöðu foreldra á vinnumarkaði en ekki stöðu foreldra sem eru utan vinnumarkaðar eða í fullu námi.



Mynd 17: Yfirlit yfir töku fæðingarorlofs. *Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2012–2014 eru ekki endanlegar og miðast við febrúar 2015.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður, 2015.

Mynd 17 sýnir heildaryfirlit yfir fjölda foreldra á vinnumarkaði sem tekið hafa fæðingarorlof með börnum sínum sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2008–2014. Á myndinni kemur meðal annars fram að hlutfall mæðra er töku fæðingarorlof árið 2008 var lægra en hlutfall feðra er töku fæðingarorlof sama ár en hlutfall mæðra hefur farið hækkandi frá þeim tíma. Þannig voru mæður 48,9% af heildarfjölda foreldra er töku fæðingarorlof árið 2008 en árið 2011 var hlutfall mæðra komið í 51,9% og árið 2013 var hlutfallið orðið 52,7% af heildarfjölda foreldra er töku fæðingarorlof það ár.

Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að reynslan hefur sýnt að almennt taka feður fæðingarorlof þegar lengri tími er liðinn frá fæðingu barna þeirra en mæður og því líklegt að hlutföllin vegna árunna 2012–2014 eigi eftir að breytast nokkuð. Á mynd 17 má einnig sjá fjölda foreldra á vinnumarkaði sem hafa fengið hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna barna sem voru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2008–2014. Við þær breytingar sem voru gerðar á fjárhæðum hámarksgreiðslna á árinu 2009¹⁰ fjölgaði þeim foreldrum til muna sem fengu hámarksgreiðslur. Þannig fengu 2% mæðra hámarksgreiðslur

¹⁰ Á því tímabili sem samantektin tekur til hafa orðið nokkrar breytingar á hámarksfjárhæðum úr Fæðingarorlofssjóði. Þannig voru hámarksgreiðslur úr sjóðnum 535.700 kr. á mánuði til foreldra barna sem voru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2008. Hámarksfjárhæðin lækkaði í 400.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2009. Þær lækkuðu í 350.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. júlí – 31. desember 2009 og í 300.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 2010–2012. Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækkuðu í 350.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 2013 og loks hækkaði hámarksfjárhæðin í 370.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu á árinu 2014.

árið 2008 og 8% feðra en hlutfallið var komið í 18% hjá mæðrum árið 2011 og 43% hjá feðrum. Hlutfallið á árinu 2014 er nú 17% hjá mæðrum og 42% hjá feðrum.

Tafla 7 sýnir heildaryfirlit yfir dreifingu fjölda foreldra sem nýtt hafa rétt sinn til fæðingarorlofs, greint eftir aldri foreldra. Bæði hjá mæðrum og feðrum eru aldurshóparnir 26–30 ára og 31–35 ára fjölmennastir. Árið 2008 voru þeir 69% af heildinni hjá mæðrum og 66% hjá feðrum. Árið 2011 voru þeir 72% hjá mæðrum og 71% hjá feðrum og á árinu 2014 voru þeir 70% hjá mæðrum og 64% hjá feðrum.

Tafla 7: Yfirlit yfir töku fæðingarorlofs eftir aldri foreldra. *Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2012–2014 eru ekki endanlegar og miðast við febrúar 2015.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður, 2015.


Fæðingarár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
FADIR	4.052	3.874	3.660	3.229	3.214	2.942	2.673
<18	4	3	6	1	3	3	3
19-20	42	21	19	15	21	19	18
21-25	423	407	340	286	315	289	263
26-30	1.213	907	1.089	955	904	827	751
31-35	1.232	1.262	1.140	1.009	1.009	922	837
36-40	746	926	727	627	659	601	546
40+	392	348	339	336	303	281	255
MÓÐIR	3.875	4.013	3.839	3.484	3.480	3.273	3.356
<18	20	22	23	11	9	16	17
19-20	114	98	81	66	86	77	79
21-25	688	655	617	521	534	534	547
26-30	1.311	1.414	1.258	1.133	1.157	1.101	1.129
31-35	1.066	939	1.145	1.097	1.048	914	937
36-40	556	758	605	534	542	528	541
40+	120	127	110	122	104	103	106
Samtals	7.927	7.887	7.499	6.713	6.694	6.215	6.029

Tafla 8 sýnir heildaryfirlit yfir fjölda foreldra sem hafa fengið hámarksreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greint eftir aldri foreldra. Bæði hjá mæðrum og feðrum eru aldurshóparnir 31–35 ára og 36–40 ára fjölmennastir. Á árinu 2008 voru þeir samanlagt 72% hjá mæðrum og 67% hjá feðrum. Á árinu 2011 voru þeir 69% hjá mæðrum og 60% hjá feðrum og á árinu 2014 eru þeir 69% hjá mæðrum og 63% hjá feðrum.

Tafla 8: Fjöldi foreldra sem fær hámarksgreiðslur eftir aldri foreldra. *Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2012–2014 eru ekki endanlegar og miðast við febrúar 2015. Heimild: Fæðingarorlofssjóður, 2015.

Aldursbil	2008		2009		2010		2011		2012		2013		2014	
	Feður	Mæður	Feður	Mæður	Feður	Mæður	Feður	Mæður	Feður	Mæður	Feður	Mæður	Feður	Mæður
19-20	0	0	1	0	2	0	2	0	0	0	0	0	2	0
21-25	4	0	34	2	63	9	40	7	43	18	38	11	38	10
26-30	49	11	267	118	354	174	316	137	331	180	242	134	247	132
31-35	104	32	433	167	579	263	488	268	529	288	505	257	415	230
36-40	121	21	298	109	422	197	354	172	409	215	309	155	303	159
40+	58	10	168	26	203	44	202	52	195	41	169	49	128	36
Samtals	336	74	1.201	422	1.623	687	1.402	636	1.507	742	1.263	606	1.133	567

Mynd 18 sýnir heildaryfirlit yfir dreifingu foreldra sem nýtt hafa rétt sinn til fæðingarorlofs, greint eftir búsetu foreldra. Bæði varðandi mæður og feður koma flestir foreldrar af höfuðborgarsvæðinu en fæstir af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Á árinu 2008 komu 64% mæðra af höfuðborgarsvæðinu og 63% feðra. Á árinu 2011 komu 63% mæðra af höfuðborgarsvæðinu og 61% feðra og á árinu 2014 hafa 64% mæðra komið af höfuðborgarsvæðinu og 62% feðra. Á árinu 2008 komu 4% mæðra af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og 4% feðra. Á árinu 2011 komu 4% mæðra af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og 5% feðra og á árinu 2014 hafa 4% mæðra komið af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og 4% feðra.



Mynd 18: Yfirlit yfir töku fæðingarorlofs eftir búsetu foreldra árið 2014. *Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2012–2014 eru ekki endanlegar og miðast við febrúar 2015.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður, 2015.

Myndin greinir einnig heildaryfirlit yfir fjölda foreldra sem fengið hafa hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greint eftir búsetu foreldra. Tafla 9 hér að neðan sýnir nánari tölulega greiningu eftir landsvæðum. Bæði hvað varðar mæður og feður koma flestir foreldrar sem fá hámarksgreiðslur af höfuðborgarsvæðinu og fæstir af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Á árinu 2008 komu 88% mæðra sem fengu hámarksgreiðslur af höfuðborgarsvæðinu og 75% fedra. Á árinu 2011 komu 79% mæðra af höfuðborgarsvæðinu og 66% fedra og á árinu 2014 hefur 81% mæðra komið af höfuðborgarsvæðinu og 64% fedra. Á árinu 2008 komu 0% mæðra af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og 4% fedra. Á árinu 2011 komu 2% mæðra af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og 4% fedra og á árinu 2014 hafa 2% mæðra komið af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum og 4% fedra.

Tafla 9: Fjöldi foreldra sem fær hámarksgreiðslur. Greint eftir búsetu foreldra. *Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2012–2014 eru ekki endanlegar og miðast við febrúar 2015. Heimild: Fæðingarorlofssjóður, 2015.

Fæðingarár	2008	2009	2010	2011	2012*	2013*	2014*
FADIR	336	1.201	1.623	1.402	1.507	1.263	1.133
Austurland	12	44	70	49	70	71	72
Höfuðborgarsvæðið	251	838	1.040	919	970	806	724
Norðurland eystra	12	77	135	107	121	97	79
Norðurland vestra	6	15	26	15	23	22	20
Suðurland	22	57	90	65	91	102	79
Suðurnes	7	66	91	92	79	66	67
Útlönd	8	40	45	37	34	24	5
Vestfirðir	7	17	33	37	29	24	28
Vesturland	11	47	93	81	90	51	59
MÓDIR	74	422	687	636	742	606	567
Austurland		6	14	12	17	14	23
Höfuðborgarsvæðið	65	339	533	505	583	477	459
Norðurland eystra	4	17	36	24	38	23	25
Norðurland vestra		4	4	5	6	5	5
Suðurland	1	11	30	20	30	22	15
Suðurnes	2	8	19	22	22	22	15
Útlönd	1	23	31	26	20	13	5
Vestfirðir		5	5	5	6	8	4
Vesturland	1	9	15	17	20	22	16
Samtals	410	1.623	2.310	2.038	2.249	1.869	1.700

Tafla 10 sýnir heildaryfirlit yfir fjölda foreldra sem nýttu rétt sinn til fæðingarorlofs, dreift eftir meðaltalstekjum þeirra fyrir fæðingarorlof. Á árinu 2008 höfðu flestar mæður tekjur á bilinu 100.000–199.999 kr. eða 34% á meðan flestir feður höfðu tekjur á bilinu 300.000–399.999 kr. eða 27%. Á árinu 2011 höfðu flestar mæður tekjur á bilinu 200.000–

299.999 kr. eða 31%, á meðan flestir feður höfðu tekjur á bilinu 300.000–399.999 kr. eða 26%. Á árinu 2014 höfðu flestar mæður tekjur á bilinu 200.000–299.999 kr. eða 30% á meðan flestir feður höfðu tekjur á bilinu 500.000–749.999 kr. eða 25%.

Tafla 10: Yfirlit yfir töku fæðingarorlofs, greint eftir tekjubili foreldra. *Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2012–2014 eru ekki endanlegar og miðast við febrúar 2015. Heimild: Fæðingarorlofssjóður, 2015.

Fæðingarár	2008	2009	2010	2011	2012*	2013*	2014*
FADIR	4052	3874	3660	3229	3214	2942	2673
<100.000	97	78	99	97	101	87	57
100.000-199.999	347	348	332	277	298	202	172
200.000-299.999	978	775	770	686	591	491	367
300.000-399.999	1097	954	937	853	803	656	591
400.000-499.999	692	706	639	576	568	568	545
500.000-749.999	626	745	627	528	586	664	679
750.000-1.000.000	138	164	156	130	159	150	154
1.000.000+	78	106	100	82	108	124	108
MÓÐIR	3875	4013	3839	3484	3480	3273	3356
<100.000	282	335	311	258	249	194	187
100.000-199.999	1307	1130	1007	889	753	602	557
200.000-299.999	1208	1138	1180	1072	1060	953	1018
300.000-399.999	582	712	739	701	743	747	767
400.000-499.999	267	365	347	308	360	381	383
500.000-749.999	186	268	202	213	251	306	339
750.000-1.000.000	28	44	41	29	48	63	66
1.000.000+	16	22	12	14	16	27	40
Samtals	7927	7887	7499	6713	6694	6215	6029

Tafla 11 sýnir heildaryfirlit yfir fjölda foreldra sem fengið hafa hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eftir meðaltalstekjum þeirra fyrir fæðingarorlof. Á árinu 2008 höfðu flestar mæður tekjur á bilinu 500.000–749.999 kr., eða 43%, á meðan flestir feður höfðu tekjur á bilinu 750.000–1.000.000 kr., eða 40%. Á árinu 2011 höfðu flestar foreldrar sem fengu hámarksgreiðslur tekjur á bilinu 400.000–499.999 kr. en á árinu 2014 höfðu flestir foreldrar sem fengu hámarksgreiðslur tekjur á bilinu 500.000–749.999 kr.

Tafla 11: Fjöldi foreldra sem fær hámarksgreiðslur, greint eftir tekjubili foreldra. *Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2012–2014 eru ekki endanlegar og miðast við febrúar 2015. Heimild: *Fæðingarorlofssjóður, 2015.*


Fæðingarár	2008	2009	2010	2011	2012*	2013*	2014*
FADIR	336	1.201	1.623	1.402	1.507	1.263	1.133
300.000-399.999			110	92	94		
400.000-499.999		194	637	572	565	334	201
500.000-749.999	122	738	624	526	583	660	673
750.000-1.000.000	136	164	155	130	158	148	153
1.000.000+	78	105	97	82	107	121	106
MÓÐIR	74	422	687	636	742	606	567
300.000-399.999			89	72	66		8
400.000-499.999		92	344	308	361	214	115
500.000-749.999	32	265	201	213	251	303	338
750.000-1.000.000	27	43	41	29	48	62	66
1.000.000+	15	22	12	14	16	27	40
Samtals	410	1.623	2.310	2.038	2.249	1.869	1.700

Á sama tíma og foreldrum í fæðingarorlofi, sem fá hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofs-sjóði, fjölgar þá fækkar fæðingum á tímabilinu 2008–2014 og þar með viðtakendum greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Þeir foreldrar sem fengu fæðingarstyrki eru ekki taldir með hér þar sem þeir eru utan vinnumarkaðar.

2.2 Dagvistunarúrræði milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Samkvæmt Hagtölum er um þriðjungur barna á aldrinum 12 til 24 mánaða í leikskóla, um þriðjungur er í vistun hjá dagforeldrum og þriðjungur ekki í gæslu fyrir utan heimili. Hagtölur frá árinu 2013 sýna jafnframt að 87% tveggja ára barna voru komin í vistun á leikskóla, en einungis 34% eins árs barna og um eitt prósent barna yngri en 12 mánaða. Í skýrslu¹¹ starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna þingsályktunar nr. 5/143, um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, sem út kom í maí 2015, kemur fram að miðað við núverandi aðstæður sé tímabilið frá lokum níu mánaða fæðingarorlofs þar til allflestum börnum á landinu er tryggð leikskólavist við tveggja ára aldur háð nokkurri óvissu. Margir foreldrar eru þá í þeirri stöðu að þurfa sjálfir að finna lausn á því hver eigi að sinna daglegri umönnun barnsins. Hagtölur sýni að börn yngri en 12 mánaða séu að langmestu leyti hjá foreldrum sínum. Þó að börn fái á sumum stöðum vistun á leikskólum á fyrstu mánuðunum eftir að fæðingarorlofi ljúki þurfi flest börn að bíða lengur. Því er í skýrslu starfshópsins áætlað að sé miðað við níu mánaða fæðingarorlof þá gæti verið þörf á daggæslu fyrir fjórðung barna á fyrsta aldursári.

¹¹ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015. *Skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.* http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2015/Skyrsla-Starfshops-um-leikskola-ad-loknu-faedingarorlofi_med-fylgiskjolum.pdf



Mynd 19: Hlutfall barna hvorki í dagvistun né leikskóla eftir aldri 2000–2013.

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015.


Mynd 19 er fengin úr fyrrnefndri skýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er birt með leyfi höfunda hennar. Árið 2013 voru börn á fyrsta aldursári samtals 4.547 og samkvæmt mati sérfræðihópsins gætu 1.136 börn úr þessum hópi hafa þurft á dagvistunarúrræði að halda. Sama ár voru börn yngri en 12 mánaða í dagvistun hjá dagforeldrum 198 talsins og 47 börn voru í leikskólum sem er um 21% barna á aldrinum 9–12 mánaða á umræddu ári. Frá síðustu aldamótum hefur hlutfall 9–12 mánaða barna sem er í vistun hjá dagforeldri verið á bilinu 20–30%. Aftur á móti hefur hlutfall eins árs barna sem er hvorki í leikskóla eða í vistun hjá dagforeldri farið lækkandi; frá því að vera yfir 50% árið 2000 í það að vera 26% árið 2013.

Í skýrslunni kemur fram að ekki eru til margar rannsóknir þar sem lagt er mat á viðhorf verðandi foreldra og foreldra í fæðingarorlofi til dagvistunar og því sé erfitt að komast að viðhorfum þeirra og leggja mat á stöðu hópsins. Í tveimur nýlegum meistaraprófsritgerðum eru þó leiddar að því líkur að hluti foreldra sé í vanda frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til þeir fá leikskólavist fyrir börn sín.¹² Fram kemur að meirihluti foreldra (53%) kaupi þjónustu dagforeldra þar til þeir fá vistun á leikskóla. Hins vegar hafi foreldrar skiptar skoðanir um það hvers konar dagvistun ætti að taka við að fæðingarorlofi loknu. Í fyrrnefndri skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins er vitnað til viðhorfskannana meðal foreldra barna í vistun hjá dagforeldrum sem framkvæmdar voru af Akureyrarbæ árið 2013 og Reykjavíkurborg árið 2014.¹³

¹² Sjá: Bryndís Jónsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008. *Upplifun foreldra á fæðingarorlofi*. Sjá einnig: Edda Sigurborg Ingólfssdóttir. *Þetta reddast*.

¹³ Sjá fyrir Akureyri:

http://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/dagforeldrar/dagforeldrar_vidhorf_foreldra_2013_05_18_skyrsla.pdf.



Mynd 20: Svör foreldra við spurningunni: Hefðir þú kosið frekar leikskólavist í staðinn fyrir vistun hjá dagforeldri í könnunum Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar.
 Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015.

Niðurstöður kannananna voru á þann veg að 65% foreldra á Akureyri og 43% foreldra í Reykjavík hefðu frekar viljað fá leikskólavist að loknu fæðingarorlofi fyrir barnið sitt en vistun hjá dagforeldri. Eins og lesa má af mynd 20 hefur þeirri skoðun vaxið fylgi milli ára meðal foreldra á Akureyri að vilja frekar leikskólavist en dagforeldri á meðan dregið hefur úr þeirri ósk meðal reykvískra foreldra.

Edda Sigurbjörg Ingólfssdóttir skoðaði, í nýlegri meistaraþrófsrannsókn sinni, hvernig íslenskir foreldrar brúðu umönnunarbilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar barna sinna. Rannsókn Eddu byggðist bæði á meginþingum gögnum og eigindlegum viðtölum. Meginniðurstöður voru þær að umönnunarbilið hefði neikvæð áhrif á kynjajafnrétti þar sem konur brúðu oftast bilið, tækju meiri ábyrgð á umönnun barnanna með því að vera áfram heima þegar hefðbundnu fæðingarorlofi lyki og skipulegðu atvinnuþátttöku sína eftir fjölskylduaðstæðum á meðan feður skipulegðu frekar umönnunarhlutverk sitt eftir aðstæðum í vinnu. Jafnframt kemur fram að fyrrnefnt umönnunartímabil hafi verið mjög erfiður tími fyrir þær einstæðu mæður sem hún hafi talað við en þar sem um einungis tvö viðtöl hafi verið að ræða af 15 eigindlegum viðtölum sé ljóst að áhrif umönnunartímabilsins á einstæða foreldra þarfnist ítarlegri rannsóknar.¹⁴

Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason báru nýlega saman niðurstöður meistaraþrófsrannsókna Eddu Sigurbjargar Ingólfssdóttur frá 2013 annars vegar og Bryndísar Jónsdóttur frá 2007 hins vegar, en rannsóknirnar lutu að því að skoða hvernig foreldrar brúðu bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar barna sinna. Niðurstöðurnar eru svipaðar í báðum rannsóknunum hvað varðar lausn foreldra þegar kemur að því að brúa umrætt bil og

Sjá fyrir Reykjavík: http://reykjavik.is/sites/default/files/vidhorfskonnun_foreldra_dagforeldrar.pdf

¹⁴ Edda Sigurbjörg Ingólfssdóttir, 2013 og 2014.

augljóst að það eru í mun ríkari mæli mæður sem laga atvinnuþátttöku sína að þörfum barnanna en feður. Það gera þær með lengingu fæðingarorlofstíma, minnkuðu starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma. Fjöldi feðra sem lagar atvinnuþátttöku sína að þeirri stöðu sem upp getur komið á heimilum milli fæðingarorlofs og leikskólavistar barna virðist þó aukast milli umræddra ára.¹⁵

3. Þróun launamunar kynjanna frá efnahagshruni 2008.

Mikil umræða hefur verið um jafnrétti kvenna og karla og kynbundinn launamun í íslensku samfélagi. Launajafnrétti hefur verið eitt helsta baráttumálið þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og allir stjórnsmálaflokkar eru sammála um að aðgerðir til að vinna gegn kynbundnum launamun séu meðal brýnustu verkefna jafnréttismála. Hér á landi hafa verið framkvæmdar margar launakannanir, rannsóknir á launajafnrétti og kynbundnum launamun en þær eru jafn ólíkar og þær eru margar. Niðurstöður rannsókna benda til þess að ekki hafi tekist að uppræta kynbundinn launamun þrátt fyrir að mikilvæg skref hafi verið stigin í þeim efnum á undanförunum misserum. Eitt verkefna aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðar var að vinna að samræmingu launarannsókna. Eins og greinir frá í upphafskafla skýrslu þessarar birti hópurinn í maí síðastliðnum skýrslu um launamun karla og kvenna sem byggist á rannsókn Hagstofu Íslands um kynbundinn launamun.

Óleiðréttur launamunur

Launamunur kynjanna er skilgreindur sem hlutfallstala þar sem mismunur á meðallaunum karla og kvenna er settur fram sem hlutfall af meðallaunum karla eða:

$$\left(\frac{\text{laun karla} - \text{laun kvenna}}{\text{laun karla}} \right) \times 100$$

Niðurstaðan segir til um hversu mikið laun kvenna þurfi að hækka til að laun þeirra verði jafnhá launum karla. Hér er um að ræða svokallaðan óleiðréttan launamun þar sem ekki er tekið tillit til þátta, svo sem menntunar, starfsstéttar eða atvinnugreinar, sem skýrt geta launamuninn. Yfirleitt er miðað við meðallaun þegar launamunur er settur fram með þessum hætti. Miðgildi launa kynjanna sýna þó jafnan töluvert aðra niðurstöðu þar sem meiri dreifing er á launum karla en kvenna. Meðaltal karla hækkar vegna karla sem eru með mjög há laun. Þá er einnig oft miðað við lógaritmískt meðaltal og launamunur reiknaður út frá því.

Í töflu 12 er launamunur rakinn yfir tímabilið 2008–2014 og miðað annars vegar við reglulegt tímakaup allra og hins vegar við heildarlaun fullvinnandi launafólks. Yfirvinna kemur fram í síðari launaskilgreiningunni. Þá er vinnumarkaðurinn greindur í tvennt, almenna markaðinn og opinbera markaðinn.

¹⁵ Sjá ítarlega umfjöllun í skýrslu aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðar til þess að vinna að launajafnrétti kynja: *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Staðreyndir og staða þekkingar*, 2015. http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvonna_29052015.pdf

Tafla 12: Óleiðréttur munur á reglulegum launum. Heimild: Hagstofa Íslands.
Launarannsókn.


	Regluleg laun allra			Heildarlaun fullvinnandi		
	Heild	Opinber markaður	Almennur markaður	Heild	Opinber markaður	Almennur markaður
2008	20,4%	20,4%	19,7%	23,4%	24,0%	25,4%
2009	18,5%	20,1%	17,5%	20,6%	20,8%	23,6%
2010	17,4%	17,9%	15,2%	20,4%	18,9%	21,7%
2011	17,7%	17,8%	14,9%	20,9%	18,6%	21,6%
2012	17,8%	17,4%	15,4%	20,9%	18,4%	21,9%
2013	19,3%	18,6%	14,4%	21,4%	18,9%	20,6%
2014	17,4%	18,0%	12,2%	19,8%	18,2%	19,4%

Hagstofa Íslands vann allviðamikla rannsókn á launamun kynjanna fyrir Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) sem út var gefin árið 2010. Tók könnunin til launamanna á almenna vinnumarkaðnum á árabílinu 2000–2007. Aðgerðahópur um launajafnrétti á vinnumarkaði var skipaður í desember 2012, en að honum standa heildarsamtök launafólks á vinnumarkaði, viðsemjendur þeirra og velferðarráðuneytið. Meðal verkefna hópsins er að vinna að rannsókn á kynbundnum launamun. Aðgerðahópurinn fól Hagstofu Íslands að endurtaka og útvíkka könnun frá 2010 þannig að hún tæki til almenna og opinbera vinnumarkaðarins.


Á undanförunum árum hafa miklar framfarir orðið í kerfisbundinni söfnun, greiningu og miðlun gagna um laun Íslendinga. Er sú vinna nú á einni hendi hjá Hagstofu Íslands sem safnar gögnum um laun á vinnumarkaðnum í heild, bæði á hinum almenna og hinum opinbera. Í gagnagrunni Hagstofunnar er að finna gögn um laun og launakjör 70.000 launamanna, þar af eru um 30. starfsmenn á almennum vinnumarkaði og 40. hjá hinu opinbera. Samræmd gögn Hagstofu Íslands fyrir almenna og opinbera vinnumarkaðinn ná aftur til ársins 2008. Margvísleg gögn um launamenn og launagreiðendur, sem mikilvæg eru fyrir launarannsóknir, er ekki að finna í launagrunninum. Hagstofa Íslands sækir þessi gögn í aðra gagnagrunna sína, svo sem þjóðskrá og fjölskyldugrunn (kyn, aldur ríkisfang, fjöldi barna, hjúskapar-/sambúðarstaða og búseta). Með þessu móti fæst umfangsmikill gagnagrunnur sem tekur yfir árin 2008 til 2013 og rösklega 410.000 mælingar á launum. Með sama hætti og við rannsóknina frá 2010 er hér bæði um að ræða þversniðsgögn sem taka til hvers árs fyrir sig og mælinga á sömu á einstaklingum yfir árin.

Launamunur eftir aldri

Gagnagrunnurinn gefur færi á margvíslegri greiningu. Meðal annars má lesa úr honum launamun eftir aldri. Þær upplýsingar eru dregnar saman í myndum 21 og 22 þar sem sú fyrri tekur til almenna vinnumarkaðarins og sú síðari til hins opinbera.



Mynd 21: Launamunur eftir aldri á almennum vinnumarkaði.
Heimild: Laun karla og kvenna.



Mynd 22: Launamunur eftir aldri á opinberum vinnumarkaði.
Heimild: Laun karla og kvenna.

Glögggt kemur í ljós að launamunur vex með aldri. Í yngsta aldurshópunum, 18–27 ára, er óleiðréttur launamunur um 5% á almenna markaðnum en er neikvæður á hinum opinbera, þ.e. meðallaun kvenna á þessum aldri eru hærri en karla.

Menntun og mannaforráð

Minni menntun og skemmri starfsaldur voru meðal helstu skýringa á launamun kynjanna á árum áður. Enginn munur er lengur á starfsaldri kynjanna og hvað varðar háskólamenntun hafa konur nú orðið vinninginn fram yfir karla, 36% kvenna í gagnagrunninum eru með háskólapróf og 28% karla. Hinir síðarnefndu eru í meira mæli með framhaldsskólapróf (þ. á m. próf í iðngreinum) sem hæstu prófgráðu.

Tafla 13: Menntun kvenna og karla, meðaltöl 2008–2013. Heimild: Hagstofa Íslands.

	<i>Framhaldsskólapróf</i>			<i>Háskólapróf</i>		
	<i>Alls</i>	<i>Almenni</i>	<i>Opinberi</i>	<i>Alls</i>	<i>Almenni</i>	<i>Opinberi</i>
Karlar	38%	42%	33%	28%	16%	44%
Konur	31%	34%	29%	36%	17%	44%

Gögnin gefa því miður ekki færi á að skoða mun á launum karla og kvenna með sömu menntun. Með sama hætti er ekki hægt að greina launamun nema að litlu leyti eftir starfsstéttum og atvinnugreinum.

Karlar eru enn í meira mæli með mannaforráð en konur. Í gagnagrunninum eru 12% karla með mannaforráð, samanborið við 7% kvenna.

Helstu niðurstöður rannsóknar Hagstofu

Rannsókn Hagstofu beinist að því að meta áhrif einstakra þátta á launamun með viðurkenndum tölfræðilegum aðferðum, aðhvarfsgreiningu. Leitast er við að greina launamuninn í skýrðan og óskýrðan mun. Regluleg laun er háða breytan, sem skýra á með skýribreytunum (óháðu breytunum). Skýribreytum má skipta í tvo meginflokka. Annars vegar eru lýðfræðilegar breytur sem lýsa launamanninum (svo sem kyn, aldur, hjúskaparstaða, fjöldi barna, ríkisfang, menntun), hins vegar starfstengdar breytur sem vísa til starfs launamannsins (svo sem starfsaldur, starfsstétt, mannaforráð, fjöldi vinnustunda, stærð, staðsetning og atvinnugrein fyrirtækis).

Kanna má launamun með ýmsu móti. Í stórum dráttum beitir Hagstofa tveimur aðferðum. Annars vegar er metin tölfræðileg jafna þar sem háða breytan er laun bæði karla og kvenna. Meðal skýribreyta er þá kyn og henni ætlað að fanga áhrif kynferðis á laun, að teknu tilliti til allra annarra skýribreyta. Þannig fæst mat á óskýrðum launamun, mun sem eingöngu má rekja til kynferðis. Hins vegar rannsakar Hagstofa launamyndun kynjanna hvors fyrir sig. Með ákveðnum aðferðum leiðir sú nálgun til greiningar á launamuninum í skýrðan og óskýrðan mun.

Fyrri aðferðin gefur meðal annars mat á óskýrða launamuninum á hverju ári. Niðurstaða þess mats er sú að óskýrður launamunur lækkar ár frá ári eins og tafla 14 sýnir.

Tafla 14: Vísbending um þróun óskýrðs launamunar 2008–2013. Heimild: Hagstofa Íslands.

2008	7,8%
2009	7,0%
2010	6,7%
2011	6,4%
2012	5,8%
2013	5,7%

Tölfræðileg próf gefa til kynna að þessar vísbendingar um að þetta mat á þróun hins óskýrða launamunar kunni að vera bjagaðar og því skoðar Hagstofa flóknari leiðir þar sem gagnasafnið í heild er skoðað, þ.e. öll árin í einu. Þannig fæst mat á óskýrðum launamun upp á 7,6% fyrir vinnumarkaðinn í heild, en 7,0% fyrir opinbera markaðinn og 7,8% fyrir almenna markaðinn. Frekari rannsóknir Hagstofu og tölfræðilegar prófanir benda til að þetta mat kunni einnig að vera bjagað.

Síðari aðferðin leitast við að bera saman launamyndun karla annars vegar og kvenna hins vegar. Gefur hún þannig færi á að skoða hvort menntun, starfsaldur, hjúskaparstaða og fleira hafi sömu áhrif á laun karla og kvenna.

- Háskólapróf nýtist körlum og konum í svipuðum mæli og leiða til rösklega 14% hærri launa en þeirra sem eru með grunnskólapróf.
- Framhaldsskólapróf gefur konum ívið meiri ávinning í launum.
- Það hefur meira að segja fyrir laun karlmanna að starfa á almenna markaðnum en fyrir konur og fyrir mannaforráð er körlum umbunað í meira mæli en konum.
- Laun karla sem eru í sambúð eru mun hærri en hinna sem búa einir. Þessi áhrif eru til staðar hjá konum en mun minni. Launamenn með börn á framfæri hafa hærri laun

en barnlausir en áhrifin eru töluvert meiri hjá körlum en konum. Þessar niðurstöður eru viðlíka og í mörgum erlendum rannsóknum og ýmsar kenningar á lofti um ástæður þeirra.

Niðurstöður um launamyndun karla og kvenna má loks nýta til að skipta launamuni í skýrðan mun og óskýrðan. Skýrði munurinn er sá sem rekja má til mismunar í skýribreytum, svo sem hvað varðar mun á menntun, starfsaldri, starfsstétt, atvinnugrein milli kynjanna og fleira. Óskýrði munurinn vísar samt sem áður til þess að áhrif skýribreyta á laun séu ekki hin sömu hjá konum og körlum.

Í töflu 15 eru niðurstöður sýndar og tekin saman þriggja ára meðaltöl yfir samliggjandi tímabil og jafnframt öll árin tekin saman. Niðurstaðan er sú að í þessari rannsókn hefur tekist að skýra um 60% launamunarins en um 40% hans eru óskýrð. Jafnframt sýnir taflan að óskýrður launamunur og skýrður hafa minnkað í svipuðum takti allt tímabilið.

Tafla 15: Skýrður og óskýrður launamunur á vinnumarkaðnum í heild. ^{*)}

Heimild: Hagstofa Íslands.

	Samtals	Skýrður	Óskýrður
2008-2010	14,6%	8,7%	5,9%
2009-2011	13,3%	7,9%	5,4%
2010-2012	13,0%	7,7%	5,2%
2011-2013	12,5%	7,4%	5,1%
Öll árin	<i>13,3%</i>	<i>7,7%</i>	<i>5,7%</i>

^{*)} Í rannsókninni er tekið mið af mismun á lógaritmísku meðaltali launa karla og kvenna.

Launamunurinn er meiri á almenna markaðnum en hinum opinbera eins og áður hefur komið fram. Þegar þróun á þessum mörkuðum er skoðuð kemur í ljós að þótt launamunurinn í heild hafi minnkað meira yfir árin 2008–2013 á opinbera vinnumarkaðnum hefur óskýrður munur minnkað meira á almenna markaðnum, einkum frá 2008–2010 til 2009–2011. Þessi niðurstaða er athyglisverð, ekki síst þegar haft er í huga að í rannsókninni frá 2010 kom fram að óskýrður launamunur á almennum vinnumarkaði hafi aukist en skýrður launamunur minnkað.

Tafla 16: Skýrður og óskýrður launamunur á vinnumarkaðnum í heild.
Heimild: Hagstofa Íslands.

	Almennur vinnumarkaður			Opinber vinnumarkaður		
	Samtals	Skýrður	Óskýrður	Samtals	Skýrður	Óskýrður
2008-2010	16,7%	10,16%	6,54%	11,13%	5,17%	5,95%
2009-2011	16,2%	10,53%	5,66%	9,38%	3,62%	5,76%
2010-2012	15,7%	10,04%	5,62%	8,64%	3,16%	5,48%
2011-2013	15,5%	10,09%	5,42%	8,27%	3,04%	5,24%
Öll árin	16,1%	9,95%	6,13%	9,17%	3,22%	5,95%

Þessar niðurstöður eru byggðar á öllum skýribreytunum. Í rannsókninni var jafnframt leitast við að meta hvaða þættir skipta mestu í greiningu milli skýrðs og óskýrðs launamunar. Er það gert með því að gera sömu athugunina, en byrja með fáum skýribreytum og bæta síðan við einni af annarri. Skemmst er frá því að segja að lýðfræðilegar breytur hafa lítil sem engin áhrif og þegar menntunin ein er skoðuð ættu konur að vera með hærri laun en karlar og skýrður launamunur yrði þannig neikvæður. Langmesta skýringargildið felst í starfstengdu breytunum. Þessi yfirferð sýnir að starfstengdu breytturnar, starfsvettvangur og starfsstétt, skýra langmestan hluta launamunarins. Vinnumarkaður er kynbundinn og hér er sýnt sambandi þess við launamun. Um orsakasambandi er á hinn bóginn erfiðara að fullyrða.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og samtök launamanna á opinberum vinnumarkaði lögðu fram álit um greiningu á launamun milli karla og kvenna, en þar er lagt til að tiltekna „málefnalegar“ breytur verði notaðar við úttekt á launamun karla og kvenna. Þær breytur sem um ræðir eru: Kyn, atvinnugrein (ÍSAT2008), starfaflokkun (ÍSTARF 95), starfshlutfall, vinnutími, menntun, starfsreynsla/aldur. Um er að ræða mun færri breytur en hér er unnið með. Þegar rannsóknin er takmörkuð við þessar breytur verður óskýrður launamunur sem vænta má ívið hærri, eða 6,8%.

3.1 Koma launahækkunar sem hafa orðið eftir efnahagshrunið árið 2008 síður til kvenna en karla?

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga er samstarfsvettvangur helstu aðila á vinnumarkaði. Í febrúar 2015 stóð nefndin að útgáfu skýrslunnar *Í aðdraganda kjarasamninga*. Þar er fjallað um efnahagsumhverfi kjarasamninga og launaþróun í þeim heildarsamtökum launafólks sem aðild eiga að samstarfsnefndinni. Rakin er launaþróun frá 2006 til 2014 í einstökum heildarsamtökum eftir samningssviðum; á almennum vinnumarkaði, hjá ríki og sveitarfélögum. Sérstaklega er fjallað um þróun launa kvenna í samanburði við launaþróun karla eftir sömu kennileitum. Tölur eru settar fram þannig að launavísitölu karla á hverju ári er deilt upp í launavísitölu kvenna og margfaldað með 100. Þannig fæst vísitala sem tekur gildi herra en 100 á tilteknu ári ef uppsöfnuð launahækkun kvenna er meiri en karla.

Tafla 17: Þróun reglulegra launa kvenna umfram karla. 2008=100. Heimild: Hagstofa Íslands og Í aðdraganda kjarasamninga – Efnahagsumhverfi og launaþróun. Skýrsla heildarsamtaka vinnumarkaðarins, febrúar 2015.*

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ	
	Svfél.	Ríki	Alm.	Svfél.	Ríki	Svfél.	Ríki	Svfél.	Ríki
2006	97,8	97,8	96,6	97,1	99,1	99,3	100,2	101,9	99,5
2007	98,2	98,2	98,1	99,6	99,0	99,4	100,0	102,2	99,7
2008	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2009	102,8	102,1	100,9	102,2	100,5	103,7	99,9	99,5	100,6
2010	102,2	103,5	100,9	102,0	100,2	103,1	98,2	99,5	100,5
2011	102,8	106,2	101,8	102,7	100,4	104,1	99,2	100,6	101,1
2012	100,9	100,5	101,9	102,5	99,9	103,6	99,1	101,4	101,4
2013	101,8	106,4	102,4	103,5	101,7	103,2	101,3	101,5	101,6
2014	101,8	105,0	102,4	105,3	102,5	104,5	102,8	103,1	101,7

*Um er að ræða regluleg laun í nóvember ár hvert en þó miðað við september árið 2014.

Talan 101,8 fyrir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ, sem starfa hjá sveitarfélögum, segir að frá 2008 til 2014 hafi laun kvenna hækkað 1,8% meira en laun karla.

Niðurstaðan er sú að í öllum heildarsamtökum og samningssviðum hafi laun kvenna hækkað meira en karla á tímabilinu nóvember 2008 til september 2014. Þessa gætti mest varðandi laun kvenna í aðildarfélögum BHM sem starfa hjá sveitarfélögum en þau hækkuðu um 5,3% meira en laun karla. Þetta er dregið saman í töflu 18. Ef hins vegar er miðað við árið 2006 var hækkan launa kvenna umfram karla enn meiri í flestum samtökum/samningssviðum.


Tafla 18: Hlutfallsleg hækkan reglulegra launa kvenna umfram karla. Heimild: Hagstofa Íslands og Í aðdraganda kjarasamninga – Efnahagsumhverfi og launaþróun. Skýrsla heildarsamtaka vinnumarkaðarins, febrúar 2015.

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ	
	Svfél.	Ríki	Alm.	Svfél.	Ríki	Svfél.	Ríki	Svfél.	Ríki
2006-2014	4,0%	7,4%	6,0%	8,4%	3,5%	5,2%	2,6%	1,2%	2,2%
2008-2014	1,8%	5,0%	2,4%	5,3%	2,5%	4,5%	2,8%	3,1%	1,7%

Í skýrslunni er farið yfir kjarasamninga aðila að nefndinni frá 2006. Sú yfirferð sýnir að í verulegum mæli hafa laun hækkað með fastri krónutölu í stað prósentuhækkana. Fyrir vikið hækkuðu laun kvenna umfram karla. Þegar samið er um prósentuhækkanir hækka laun mismikið í krónum talið, en hlutfallslegur launamunur milli hinna lægst launuðu og þeirra sem hafa hærri laun helst óbreyttur. Ekki var mögulegt að meta áhrif breytinga á skatta- og bótakerfi á ráðstöfunartekjur, skipt eftir tíundum í þessari skýrslu.

3.2 Áhrif breytinga á skatta- og bótakerfi á ráðstöfunartekjur, skipt eftir tíundum.

Í kjölfar efnahagsþrenginganna árið 2008 var gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við halla á ríkisrekstri. Farin var svokölluð „blönduð leið“ sem felst í niðurskurði opinberra útgjalda annars vegar og skattahækkunum hins vegar. Útgjöld í tekjutilfærslur til heimila voru aukin töluvert á meðan útgjöld til stærstu liða velferðarþjónustunnar, þ.m.t. almannatrygginga, voru í heild sinni dregin saman.¹⁶ Rannsóknir Stefáns Ólafssonar, prófessors við Háskóla Íslands, á áhrifum breytinga á skattakerfinu á ráðstöfunartekjur í kjölfar efnahagsþrenginganna og fram til ársins 2010 sýna að á heildina litið hafi náðst umtalsverður árangur í að beita velferðarkerfinu til að milda kjaraskerðingar lægstu tekjuhópanna og færa skattbyrði vegna beinna skatta markvert frá lægri tekjuhópum til þeirra hærrí.¹⁷ Af mynd 23 má lesa samanburð á skattbyrði lágtekjuhópa og hátekjuhópa fyrir árin 2007–2010, skipt eftir tíundum. Myndin sýnir annars vegar að skattbyrði lágtekjufólks lækkaði umtalsvert eftir hrun og hins vegar afgerandi breytingar á skattbyrði hátekjuhópanna.¹⁸



Mynd 23: Skattbyrði ólíkra tekjuhópa 2007 og 2010. Beinir skattar sem % heildartekna í viðkomandi tekjuhópum, eftir álagningu og alla frádrætti. Hjón og sambúðarfólk.
Heimild: Þjóðmálastofnun, 2014.

Viðamestu aðgerðirnar, sem gripið var til í lífeyristryggingum, komu til framkvæmda 1. júlí 2009. Frá þeim tíma var meðal annars frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar lækkað og tekjur úr lífeyrissjóðum höfðu eftir breytinguna áhrif á útreikning elli- og örorkulífeyris, en aðeins atvinnu- og fjármagnstekjur höfðu gert það áður.

¹⁶ Sjá: Stefán Ólafsson, 2014. *Hrunið og árangur endurreisnarinnar*. Íslenska þjóðfélagið, 2. tbl., 95–116.

¹⁷ Sjá: Stefán Ólafsson, 2014. Sama heimild.

¹⁸ Sama heimild.

Í lokaskýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð kemur meðal annars fram að þeir sem fengu greiddan ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) voru 30.417 talsins í janúar 2014, 13.341 karl og 17.076 konur. Hlutfall ellilífeyrisþega af mannfjölda 67 ára og eldri var að meðaltali 82,2%. Þetta hlutfall er mun hærra hjá konum, eða 85,7% en 78,1% hjá körlum. Stafar þessi munur af því að karlar vinna að jafnaði lengur og hafa að jafnaði hærri tekjur en konur. Þeir hafa einnig meiri möguleika á að fresta töku lífeyris hjá TR og ávinna sér þar með rétt til hærri greiðslna þegar að lífeyristöku kemur. Tekjutengingar í lífeyristryggingum gera það einnig að verkum að færri karlar eiga rétt á ellilífeyri frá TR en konur, þar sem greiðslur lífeyristrygginga eru tekjutengdar og tekjur karla eru almennt hærri en tekjur kvenna. Þessara áhrifa gætti mjög í kjölfar efnahagshrunsins, en árið 2009 voru tekjutengingar auknar og körlum í hópi ellilífeyrisþega fækkaði hlutfallslega meira en konum. Aftur á móti fjölgaði körlum í hópi ellilífeyrisþega aftur frá 1. júlí 2013 þegar dregið var úr tekjutengingum í lífeyristryggingum.

Greiðslur frá lífeyrissjóðum höfðu áhrif á rétt aldraðra og öryrkja til grunnlífeyris almannatrygginga frá 1. júlí 2009. Við það lækkuðu greiðslur til um 5.210 ellilífeyrisþega og 540 örorkulífeyrisþega. Greiðslur til þeirra ellilífeyrisþega sem höfðu hæstar tekjur, aðrar en frá Tryggingastofnun, lækkuðu mest vegna þeirra aðgerða sem gripið var til í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Þegar þær skerðingar voru dregnar til baka 1. júlí 2013 hækkuðu lífeyrisgreiðslur aftur til þessa sama hóps og þannig fjölgaði þeim sem fengu greiddan ellilífeyri frá TR aftur um rúmlega 10% eða úr 27.035 í desember 2012 í 30.201 í desember 2013. Örorkulífeyrisþegum fjölgaði um 620 á sama tímabili vegna þessara breytinga.

Í töflu 19 má sjá yfirlit yfir þróun skattskyldra greiðslna frá TR miðað við stöðuna 1. maí ár hvert á árunum 2008–2015. Þar sést að meðaltal skattskyldra greiðslna til karla lækkar á milli áruna 2009 og 2010 en hækkar hjá konum. Áhrif framangreindra breytinga bitnuðu tvímælalaust harðar á körlum en konum.

Tafla 19: Yfirlit yfir þróun skattskyldra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins miðað við stöðuna 1. maí ár hvert á árunum 2008–2015. Heimild: Tryggingastofnun ríkisins, 2015.

Upplýsingar fyrir maí 2008–2014 miðast við skattframtöl, upplýsingar fyrir maí 2015 miðast við tekjuáætlun.

Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2008	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	19.130	74.310	75.040	26.728	27.403	46.248	63.283	75.040	86.050	97.543	111.614	133.702	223.090
kvk	25.703	86.726	91.669	26.728	49.808	69.863	82.472	91.669	99.679	108.668	119.167	136.375	204.693
Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2009	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	19.698	82.720	81.506	26.585	29.294	46.839	66.814	81.506	95.144	110.483	129.768	153.115	210.972
kvk	26.318	97.658	101.630	20.405	52.689	75.471	90.673	101.630	112.367	124.178	140.392	153.457	212.626
Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2010	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	19.707	80.846	82.387	0	21.665	45.939	66.831	82.387	96.234	112.150	135.220	153.437	203.804
kvk	26.516	99.387	104.932	20.405	54.349	78.414	93.797	104.932	116.732	129.441	146.700	156.013	206.579
Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2011	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	19.704	84.011	85.348	0	24.672	50.731	70.415	85.348	99.181	116.386	141.241	157.018	203.804
kvk	26.756	102.296	107.200	21.197	56.678	81.334	95.853	107.200	120.228	134.657	151.895	160.187	216.290
Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2012	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	19.931	97.494	99.314	0	33.643	64.128	83.726	99.314	113.906	134.453	162.313	174.941	228.023
kvk	27.191	116.232	121.968	25.439	68.618	94.014	109.169	121.968	136.143	152.033	170.507	182.674	234.780
Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2013	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	20.323	103.242	106.083	0	39.101	69.788	90.194	106.083	121.376	141.540	169.514	181.764	235.325
kvk	27.875	121.675	128.142	28.041	73.602	99.148	115.367	128.142	142.515	158.167	177.156	189.743	245.951
Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2014	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	21.491	113.685	114.890	35.279	51.357	79.980	99.986	114.890	129.269	146.844	173.271	188.304	244.566
kvk	28.953	130.283	135.349	42.224	82.817	107.985	124.009	135.349	148.835	163.171	182.267	194.225	254.363
Lífeyrisþegar		Meðaltal Skattsk.	Miðgildi Skattsk.	1_tíund Skattsk.	2_tíund Skattsk.	3_tíund Skattsk.	4_tíund Skattsk.	5_tíund Skattsk.	6_tíund Skattsk.	7_tíund Skattsk.	8_tíund Skattsk.	9_tíund Skattsk.	10_tíund Skattsk.
01.05.2015	Fjöldi kt.	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR	greiðslur TR
kk	21.694	116.499	117.387	36.337	53.502	82.386	102.039	117.387	132.684	149.556	176.647	193.954	273.025
kvk	29.207	133.579	137.940	46.163	86.558	110.928	126.512	137.940	150.224	166.226	186.699	196.816	260.752

Í töflu 20 gefur að líta yfirlit yfir ráðstöfunartekjur lífeyrisþega eftir staðgreiðslu skatta miðað við stöðuna 1. maí ár hvert á árunum 2008–2015. Hjá báðum kynjum hefur meðaltal ráðstöfunartekna lækkað milli ára 2008 og 2011 en farið hækkandi frá árinu 2012.

Tafla 20: Yfirlit yfir ráðstöfunartekjur lífeyrisþega eftir staðgreiðslu skatta miðað við stöðuna 1. maí ár hvert á árunum 2008–2015. Heimild: Tryggingastofnun ríkisins, 2015.*

*Greiðslur frá TR og tekjur utan TR, meðal annars lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur og fjármagnstekjur. Húsaleigubætur, vaxtabætur og barnabætur ekki teknar með. Upplýsingar fyrir maí 2008–2014 miðast við skattframtöl, upplýsingar fyrir maí 2015 miðast við tekjuáætlun

Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2008*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	19.130	248.221	182.349	129.082	142.417	153.937	166.801	182.349	203.384	235.572	284.789	389.514	22.610.698
kvk	25.703	217.288	171.684	126.496	138.501	148.319	159.224	171.684	187.920	210.434	244.337	312.261	15.629.965
Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2009*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	19.698	243.330	194.609	145.970	157.820	168.531	180.308	194.609	212.222	238.138	280.443	361.216	20.193.612
kvk	26.318	218.653	182.878	143.204	155.305	162.208	171.851	182.878	198.084	216.762	246.302	303.314	18.944.483
Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2010*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	19.707	214.557	182.756	144.503	157.215	163.627	172.473	182.756	195.367	213.154	242.473	304.309	14.315.432
kvk	26.516	195.153	172.794	142.347	151.821	158.579	164.731	172.794	183.744	198.236	219.869	262.488	5.532.165
Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2011*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	19.704	211.436	178.902	143.831	155.855	161.306	168.931	178.902	190.594	207.665	236.448	299.213	30.241.252
kvk	26.756	192.915	169.794	143.248	149.456	159.473	163.209	169.794	180.241	193.815	215.246	258.385	9.442.257
Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2012*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	19.931	225.255	195.192	157.507	169.962	176.130	184.342	195.192	207.724	223.607	250.345	308.786	12.672.420
kvk	27.191	208.826	185.546	157.150	164.324	173.763	178.533	185.546	197.253	211.612	231.912	276.823	6.738.468
Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2013*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	20.323	235.330	205.394	164.346	177.923	184.547	193.856	205.394	218.300	235.208	260.642	321.902	14.367.898
kvk	27.875	221.442	196.057	163.658	172.100	181.136	187.613	196.057	208.629	223.734	245.132	289.475	14.309.318
Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2014*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	21.491	251.774	218.747	170.593	186.651	194.625	205.835	218.747	233.967	253.832	287.627	361.406	12.966.624
kvk	28.953	239.958	206.707	169.678	179.132	188.178	195.832	206.707	220.495	238.287	262.072	312.732	111.797.349
Tekjur lífeyrisþega		Meðaltal	Miðgildi	1_tíund	2_tíund	3_tíund	4_tíund	5_tíund	6_tíund	7_tíund	8_tíund	9_tíund	10_tíund
01.05.2015*	Fjöldi kt.	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt	eftir skatt
kk	21.694	256.503	226.688	175.884	192.029	201.007	213.777	226.688	243.258	263.389	294.232	359.181	40.561.714
kvk	29.207	235.925	214.061	174.044	185.455	193.929	202.308	214.061	226.870	245.760	269.782	313.061	6.563.036

3.3 Yfirlit yfir hópa undir lágtekjumörkum.

Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands hefur verið framkvæmd frá árinu 2004. Árið 2014 dreifðust tekjur á Íslandi jafnar á milli fólks en áður á þessu tíu ára tímabili.¹⁹ Sömuleiðis hefur hlutfall þeirra sem eru undir lágtekjumörkum ekki mælst lægra, eða 7,9%, sem er sama hlutfall og árið 2012, en að öðru leyti hefur það mælst nokkuð stöðugt eða á bilinu níu til tíu prósent. Mælingar Hagstofu Íslands eru unnar fyrir Eurostat, Hagstofu Evrópusambandsins, og miðað er við skilgreiningar Evrópusambandsins á lágtekjumörkum. Samkvæmt þeirri skilgreiningu eru lágtekjumörk 60% af miðgildi á neyslueiningu í landinu. Lágtekjumörk fyrir einstakling eru skilgreind um 176.000 kr. og fyrir fjölskyldu tveggja fullorðinna með tvö börn 358.400 kr.

¹⁹ Lágtekjumörk og tekjudreifing, 2014. Hagstofa Íslands.

<https://hagstofa.is/?PageID=421&itemid=e6bf1209-afb5-4d36-9a3c-63fdee1a3771>

Hlutfall þeirra sem teljast undir lágtekjumörkum og þeirra sem eiga félagslega einangrun á hættu hefur síðastliðin ár mælst lægra á Íslandi en annars staðar í Evrópu. Árið 2012 var hlutfallið 12,7% og árið 2014 var það 11,1% á meðan hlutfallið var um 25% á meðal íbúa landa sem eru í Evrópusambandinu.²⁰ Á bak við þessa tölu voru 34.500 einstaklingar.

Eins og upplýsingarnar í töflu 21 staðfesta hafa einhleypir einstaklingar verið stærsti hópurinn undir lágtekjumörkum á síðustu tíu árum en árið 2013 voru þeir 32,1% hópsins. Næststærsti hópurinn, sem er undir lágtekjumörkum á sama tímabili, er einstæðir foreldrar sem eru 27,1% hópsins. Athygli vekur að hlutfall einstæðra foreldra í lægsta tekjuhópnum eykst verulega frá 2009 til 2010, eða úr 22,8% í 30,1%, en þá var það mest. Árið 2014 voru konur 90,1% einstæðra foreldra á Íslandi.²¹

²⁰ Til að falla í þennan hóp þurfa einstaklingar að uppfylla eitt eða fleiri af eftirtöldum skilyrðum: Vera undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem atvinnuþátttaka er mjög lítil.

²¹ *Skýrsla Velferðarvaktarinnar. Tillögur til að vinna bug á fátækt*, janúar 2015.

Tafla 21: Tekjudreifing og lágtekjumörk. Heimild: Félagsvísar Hagstofu Íslands. Sjá upplýsingar um hugtök í neðanmálsgrein.²²

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Gini	24,1	25,1	26,3	28	27,3	29,6	25,8	23,6	24,0	24,0
Fimmtungastuðull	3,4	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6	3,3	3,3	3,3
Lágtekjumörk	96.900	103.200	111.300	126.300	141.100	160.800	158.200	153.600	156.300	170.600
Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir kyni (%)										
Alls	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3
Karlar	9,6	9,8	9,1	9,1	9,5	9,3	9,8	9,0	8,4	9,6
Konur	10,5	9,6	10,2	11,0	10,7	11,1	9,8	9,5	7,5	8,9
Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir heimilisgerð (%)										
Heimili án barna	10,2	11,2	8,9	10,9	11,6	13,2	9,6	9,1	7,8	8,3
Einhleypur karl	20,4	24,1	15,6	21,5	22,4	22,4	23,2	22,5	18,6	23,1
Einhleyp kona	23,5	22,5	19,5	31,3	28,6	33,2	16,1	16,0	9,0	9,0
Heimili með börn	10,0	8,9	10,0	9,6	9,1	8,3	10,0	9,3	8,0	10,0
Einstætt foreldri	21,9	14,7	27,0	23,3	28,0	22,8	30,1	28,4	24,5	27,1
Tveir fullorðnir með eitt barn	7,5	7,6	9,7	6,3	6,0	5,8	5,8	6,8	4,9	8,0
Tveir fullorðnir með tvö börn	7,2	8,3	6,1	7,3	3,8	4,2	5,8	6,9	5,6	5,5
Tveir fullorðnir með þrjú börn eða fleiri	12,1	10,9	10,2	12,1	12,9	10,3	12,0	8,0	6,5	11,5
Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir húsnæðisstöðu (%)										
Eigandi, skuldlaus	9,0	9,8	10,3	9,9	10,1	9,4	4,9	5,5	4,1	6,2
Eigandi, með húsnæðislán	8,2	7,1	7,4	8,3	7,1	6,7	7,1	5,2	4,4	5,0
Leigjandi, á almennum markaði	18,8	27,4	17,4	13,6	25,5	21,8	23,7	21,3	18,0	21,9
Leigjandi, úrræði	21,0	20,1	21,5	23,9	24,5	30,1	22,6	24,9	22,6	24,3

²² **Heildartekjur:** Öll laun og bætur áður en búið er að draga frá skatta og gjöld hins opinbera.

Ráðstöfunartekjur: Allar tekjur sem heimili hafa til ráðstöfunar eftir að skattar og opinber gjöld hafa verið greidd. **Lágtekjuhluftall:** Það hlutfall einstaklinga sem lendir undir lágtekjumörkum. Lágtekjumörk miðast við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu taka mið af heildarráðstöfunartekjum heimilis og hversu margir þurfa að lifa á þeim. Tveir fullorðnir með tvö börn þurfa til dæmis 2,1 sinni hærri ráðstöfunartekjur en sá sem býr einn til þess að vera með sambærilegar ráðstöfunartekjur (tekjur ársins á undan). **Gini stuðull:** Mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Gini stuðullinn væri 100 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. **Fimmtungastuðull:** Gefur til kynna hvað þeir sem tilheyrðu tekjuhæsta fimmtungnum höfðu miklu hærri tekjur en þeir sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungnum, t.d. höfðu þeir sem tilheyrðu tekjuhæsta fimmtungnum árið 2010 3,6 sinnum hærri tekjur en þeir sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungnum. Fimmtungastuðull mælir bilið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá samanborið við þá 20% tekjulægstu (tekjur ársins á undan).

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands lækkaði hlutfall fólks sem skorti efnisleg gæði á Íslandi úr 6,6% í 5,5% milli ára 2013 og 2014. Árið 2103 var þetta hlutfall á Íslandi það fimmta lægsta í Evrópu. Sá skortur er mældur út frá stöðluðum evrópskum matslista með eftirfarandi níu þáttum:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlegu heitu.

Fólk telst búa við skort á efnislegum gæðum ef þrennt af framangreindu á við og við verulegan skort ef fernt af framangreindu á við. Þegar skortur er greindur eftir atvinnustöðu skera öryrkjar sig úr, en árið 2014 skorti 23% þeirra efnisleg gæði. Hlutfallið var mun lægra meðal atvinnulausra, 12,5%, og enn lægra meðal annarra hópa.


Einstæðir foreldrar og börn þeirra eru jafnframt sá hópur sem skortir frekar efnisleg gæði, en aðrar fjölskyldugerðir. Í hópi þeirrar fjölskyldugerðar bjó 20,3% við skort. Til samanburðar má geta þess að hlutfallið var 4,6% meðal þeirra sem bjuggu á heimilum tveggja fullorðinna og tveggja barna. Þá var hlutfallið einnig nokkuð hátt meðal einstaklinga undir 65 ára sem búa einir á heimili, eða 15,1%. Efnalitlar barnafjölskyldur, þar sem aðeins er eitt foreldri, eru þannig stærsti hópurinn sem býr við efnislegan skort²³ og eru konur í miklum meirihluta einstæðra foreldra.

Samkvæmt skýrslu Velferðarvaktarinnar eru háskólamenntaðir í minni hættu á að vera fyrir neðan lágtekjumörk en þeir sem hafa minni menntun. Á hinn bóginn var minni munur á þeim sem voru með grunnmenntun og þeim sem voru með framhalds- og starfsmenntun. Tengsl eru á milli stöðu einstaklinga á húsnæðismarkaði og tekjudreifingar en leigjendur eru mun líklegri til að vera fyrir neðan lágtekjumörk en húseigendur, 15,9% samanborið við 5,8%.

Myndir 24, 25 og 26 sem birtar voru í Hagtíðindum Hagstofu Íslands 2015:6 sýna skort á efnislegum gæðum eftir kyni, atvinnustöðu og heimilisgerð. Af þeim má greina að það dregur úr skorti hjá þessum hópum og þannig merkja að fátækt hefur minnkað, sérstaklega milli ára 2013 og 2014.


Á mynd 24 má sjá að hlutfall kvenna sem skorti efnisleg gæði var hærra en hlutfall karla flest þau ár sem mælingin nær til en nokkuð dró þó saman með kynjunum á milli 2013 og 2014, en konur fóru úr 7,3% í 5,7% og karlar úr 5,9% í 5,3%.

²³ Félagsvísar: Skortur á efnislegum gæðum 2014; 2015.




Mynd 24: Skortur á efnislegum lífsgæðum eftir kyni.
 Heimild: Hagstofa Íslands, 2015.

Mynd 24 sýnir hlutfall einstaklinga sem búa á heimilum sem skortir efnisleg gæði eftir atvinnustöðu. Þar má sjá að öryrkjar og langveikir auk atvinnulausra skera sig allnokkuð úr, en árið 2014 bjuggu 23% öryrkja við skort á efnislegum gæðum og 12,5% atvinnulausra. Hlutfallið er mun lægra í öðrum hópum, en 4,1% námsmanna og 3,2% þeirra sem voru í fullu starfi skorti efnisleg gæði þetta sama ár. Lægst var hlutfallið meðal eftirlaunaþega, eða 2,5%. Öryrkjar og langveikir standa í stað á milli 2013 og 2014, í 23% sem er hæsta hlutfall sem mælst hefur hjá þessum hópi þau ár sem lífshjúðun Hagstofu Íslands nær til. Hlutfallið lækkar hins vegar meðal atvinnulausra, úr 21,1% í 12,5%.



Mynd 25: Skortur á efnislegum gæðum eftir atvinnustöðu.
 Heimild: Hagstofa Íslands, 2015.

Loks sýnir mynd 26, þar sem birtur er skortur á efnislegum gæðum hjá fjórum ólíkum heimilisgerðum, að saman gefa þessar fjölskyldugerðir vísbendingu um áhrif barna og áhrif fjölda fyrirvinna á heimilum á lífsskjör þeirra.



Mynd 26: Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð.
 Heimild: Hagstofa Íslands, 2015.

3.4 Yfirlit yfir hópa sem sækja um matarúthlutun og aðra aðstoð hjá hjálparstofnunum.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun í nóvember 2010 meðal þeirra sem þiggja matarúthlutanir hjálpar samtaka á Íslandi. Könnunin var unnin að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins og var markmiðið með henni að kortleggja, með tilliti til lýðfræðilegrar samsetningar og aðstæðna, hvaða hópar það væru sem leita til hjálpar samtaka eftir matarúthlutun. Þau hjálpar samtök sem um ræddi voru Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd en matarúthlutanir þessara samtaka fara að jafnaði fram einu sinni í viku. Hér verður greint frá helstu niðurstöðum könnunarinnar en ekki eru til nýrri upplýsingar eða yfirlit yfir þá hópa sem sækja um matarúthlutun og aðra aðstoð frá hjálparstofnunum. Könnunin var framkvæmd með þeim hætti að spurningalisti var lagður fyrir fólk sem þáði mataraðstoð á tilteknum úthlutunardegi. Mæðrastyrksnefnd neitaði að taka þátt í könnuninni. Spyrjar frá Félagsvísindastofnum töldu þó þá sem leituðu til Mæðrastyrksnefndar og áætluðu kyn þeirra og aldur. Samkvæmt könnuninni leituðu 1018 einstaklingar til hjálpar samtaka eftir mataraðstoð þennan dag en þegar svör við spurningunni um það hvort fólk hefði eða hygðist leita til fleiri hjálpar samtaka þennan dag voru notuð til að áætla hver heildarfjöldi einstaklinga væri, var hann áætlaður á bilinu 730–790 manns.

Konur voru í nokkrum meirihluta þeirra sem leituðu til þessara hjálpar samtaka (57% konur á móti 43% karla), einkum meðal Hjálparstarfs kirkjunnar en þar voru tveir af hverjum þremur konur (63%). Aldursdreifing svarenda var nokkuð áþekkt hjá Fjölskylduhjálpinni og Hjálparstarfinu, nema hvað helst meðal aldurshópanna 20–29 ára og 30–39 ára en hlutfallslega fleiri þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálparinnar voru í yngri hópnum (20% á móti 13%) en hlutfall 30–39 ára var herra meðal svarenda sem leituðu til

Hjálparstarfsins. Þá var hópurinn sem svaraði hjá þessum hjálparsamtökum nokkuð áþekkur, með tilliti til ríkisfangs, en um þriðjungur hópsins hafði erlent ríkisfang og voru þrír af hverjum fjórum Pólverjar. Athygli vakti að nokkuð svipaður hópur fólks, sem ekki hafði lokið formlegu námi umfram grunnskóla (47%), og þeirra sem höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi (44%), leituðu til þessara hjálparsamtaka eftir matarúthlutun. Um einn af hverjum tíu (9%) var með háskólapróf.

Þegar fjölskyldugerð svarenda er skoðuð má sjá að stærstu hóparnir eru einstæðir foreldrar (29%); þeir sem búa einir (24%) og þeir sem eiga maka og börn (23%). Um þrír af hverjum fjórum svarendum bjuggu í leiguhúsnæði, helmingur á almennum markaði (49%) og um fjórðungur í félagslega húsnæðiskerfinu eða í íbúð á vegum Öryrkjabandalagsins (25%). Um fimmtingur bjó í eigin húsnæði. Flestir sem sóttu um mataraðstoð voru utan vinnumarkaðar, en 82% svarenda voru atvinnulausir (44%) eða öryrkjar (38%). Um 7% þeirra sem leituðu til hjálparsamtakanna voru í launaðri vinnu og 4% voru á eftirlaunum. Um helmingur svarenda þáði atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu (47%) og um tveir af hverjum fimm (41%) örorku- eða endurhæfingarlífeyri Tryggingarstofnunar ríkisins eða dagpeninga úr sjúkrasjóði. Svipað hlutfall þáði húsaleigubætur (41%) og barnabætur, meðlag, barnalífeyri, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur (42%). Mun færri fengu regluleg laun (10%), lífeyrissjóðsgreiðslur eða ellilífeyri (11%), voru á námslánum eða framfæri fjölskyldu eða maka eða höfðu annars konar tekjur en spurt var um (15%).²⁴

4. Áhrif opinberra aðgerða á stöðu kynjanna frá efnahagshruni árið 2008.

Árið 2013 kom út skýrslan *Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins*²⁵ sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að beiðni Bygðastofnunar. Í skýrslunni er dregin upp mynd af stöðu hinna ýmsu byggða í kjölfar efnahagsþrenginganna og er þar annars vegar horft á niðurskurð ríkisins til ólíkra málaflokka og hins vegar hvernig sá niðurskurður hefur haft áhrif á þjónustu hins opinbera. Hvað varðar áhrif niðurskurðar ríkisútgjalda á mismunandi málaflokka og byggðir er bent á skýrslu Hagfræðistofnunar. Eins og greint er frá í upphafskafli skýrslu þessarar hafa áhrif efnahagsþrenginganna komið mismunandi fram hjá kynjunum. Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu fjölgaði ársverkum karla á árunum 2007–2011 til að mynda um 114 á meðan ársverkum kvenna fjölgaði um 81. Í niðurstöðukafli skýrslunnar er því ályktað að niðurskurðurinn hafi frekar bitnað á öðrum þáttum en fjölda starfsmanna. Atvinnuleysi jókst mikið í kjölfar hrunsins og mældist það árið 2011 vera 7,4% af mannafla. Lengi framan af var atvinnuleysi kvenna meira en karla, en árið 2009 varð viðsnúningur þar á og hefur atvinnuleysi eftir það verið meira meðal karla en kvenna. Meginskýringin á þessu er hátt hlutfall karla í byggingariðnaði, en eins og áður hefur verið greint frá kemur niðursveifla á almennum markaði oft þyngra niður á körlum en konum. Niðurskurður hjá hinu opinbera, sem kemur frekar niður á konum en körlum, kemur síðar fram en niðurskurður á almennum markaði. Í lok þessa kafla verður gerð grein fyrir nýrri rannsókn Vinnumálastofnunar og

²⁴ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010. *Matarúthlutanir hjálparstofnana. Könnun á samsetningu hópsins sem þáði matarúthlutun 24. nóvember 2010.*

²⁵ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013. *Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins.* http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2013/CO1_13_leidrett_2.pdf

velferðarráðuneytisins um afdrif þeirra atvinnuleitenda sem fullnýtt höfðu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Yfirlit yfir störf sem hafa tapast vegna aðgerða hins opinbera, meðal annars niðurskurðar

Upplýsingar um störf sem hafa tapast hjá ríkinu vegna niðurskurðar eða hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins eru ekki aðgengilegar nema í formi tölfræði yfir fjölda stöðugilda. Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan hefur stöðugildum fækkað töluvert frá árinu 2008 eða úr 18.532 í 16.574 árið 2014 sem er 12% fækkun. Þessi mikla fækkun skýrist ekki aðeins af niðurskurði heldur einnig því að stór málaflokkur, málefni fatlaðra, var fluttur frá ríki til sveitarfélaga í byrjun árs 2011 og um leið fluttust rúmlega 1000 stöðugildi frá ríkinu. Þá má líka nefna að ýmsum verkefnum hefur verið útvistað á þessu tímabili sem þýðir fækkun stöðugilda hjá ríkinu þótt störfin sem slík glattist ekki. Hlutfall stöðugilda, sem konur gegna annars vegar og karlar hins vegar helst óbreytt milli þessara ára og er hlutfall kvenna 62% en karla 38%.

Tafla 22: Fjöldi stöðugilda hjá ríkinu á árunum 2008–2014. Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2015.

	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar
2008	11.417	7.115	18.532	62%	38%
2009	11.359	6.794	18.153	63%	37%
2010	11.021	6.725	17.746	62%	38%
2011	10.289	6.520	16.809	61%	39%
2012	10.252	6.486	16.738	61%	39%
2013	10.323	6.445	16.769	62%	38%
2014	10.313	6.261	16.574	62%	38%

Samantekt yfir þróun á fjölda starfa

Á árinu 2014 fjölgaði störfum um nálægt 2.800 frá fyrra ári sem er heldur minni fjölgun starfa en milli árunna 2013 og 2014 þegar störfum fjölgaði um nálægt 6.000. Starfandi körlum hefur fjölgað heldur meira en konum og var þróunin svipuð á árinu 2013. Þessi fjölgun starfandi einstaklinga á árinu 2014 er öll meðal þeirra sem eru eldri en 25 ára en engin fjölgun varð á árinu meðal þeirra sem yngri eru. Þetta er nokkuð frábrugðið þróuninni milli árunna 2012 og 2013 þegar fjölgun starfandi fólks varð hlutfallslega mest meðal þeirra yngstu.

Á árinu 2013 var fjölgun starfa mjög bundin við ferðaþjónustu sem skýrir mikla fjölgun starfa fyrir yngsta aldurshópinn. Svo virðist sem fjölgun starfa hafi ekki í eins miklum mæli verið bundin ferðaþjónustu á árinu 2014 þrátt fyrir að störfum hafi áfram fjölgað í þeirri atvinnugrein á árinu. Tölur um fækkun atvinnulausra eftir atvinnugreinum sýna áframhaldandi aukin umsvif í byggingariðnaði. Þá virðast umsvif í ýmsum þjónustugreinum hafa farið vaxandi á árinu en þó ekki í tengslum við starfsemi sem krefst sérfræðipekkingar og er það áhyggjuefni hversu störfum fyrir fólk sem lokið hefur háskólamenntun virðist fjölga hægt. Fjölgun starfa síðustu tvö ár hefur verið meiri en sem nemur fjölgun þeirra sem eru þátttakendur á vinnumarkaði og því hefur atvinnuleysi minnkað milli ára og gildir þá einu hvort horft er til mælinga Hagstofunnar (úr 6,0% árið 2012 í 5,0% árið 2014) eða

Vinnumálastofnunar (5,8% árið 2012 í 3,6% árið 2014). Atvinnuleysi hefur lækkað hraðar meðal karla en kvenna í samræmi við hraðari fjölgun starfandi karla en kvenna.

Vinnumarkaðsaðgerðir

Vinnumarkaðsaðgerðir falla undir málefna svið velferðarráðuneytisins en Vinnumálastofnun annast framkvæmd þeirra og skipulag samkvæmt lögum nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Með vinnumarkaðsaðgerðum er átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitenda og skipulag úrræða sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitenda og þar með möguleika þeirra á að verða að nýju þátttakendur á vinnumarkaði. Atvinnuleitendum stendur til boða náms- og starfsráðgjöf og félagsráðgjöf auk sálfræðilegrar ráðgjafar og er ráðgjöfin veitt bæði í formi einstaklingsviðtala og hópráðgjafar. Ráðgjafar sjá um skipulag og framkvæmd þessarar ráðgjafarþjónustu.

Þau úrræði sem Vinnumálastofnun hefur upp á að bjóða eru ýmist hluti af daglegri starfsemi Vinnumálastofnunar eða keypt frá ýmsum fræðsluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum stofnunarinnar. Námsstengd úrræði geta verið ýmis konar og er þeim gjarnan skipt upp í styttri námskeið annars vegar og formlegri námsleiðir hins vegar. Ekki er þó einhlítt hvernig flokka skuli úrræði enda eru þau mjög margbreytileg að innihaldi og lengd. Hér hefur þó verið reynt að flokka þau í fimm flokka.

Grunnúræði: Styttri úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða, svo sem starfsleitarnámskeið, gerð ferilskrár, markmiðasetning, áhugasviðsgreining, ýmsir klúbbar sem ætlaðir eru til að auka virkni þátttakenda og fleira sem styður einstaklinga í atvinnuleit. Ráðgjafar sjá um skipulag og framkvæmd þessara grunnúræða.

Námskeið: Námskeið með það að markmiði að styrkja atvinnuleitandann í atvinnuleit, svo sem tölvunámskeið, vinnuvélanámskeið og annað starfsnám. Auk þess eru í boði íslenskunámskeið fyrir erlenda ríkisborgara. Gerðir eru þjónustusamningar við ýmsa námskeiðshaldara og aðila er sinna fullorðinsfræðslu, svo sem einkarekna tölvu- og skrifstofuskóla, ökuskóla, tungumálaskóla og símenntunarmiðstöðvar. Dæmi um þjónustuaðila eru Mímir símenntun, Símei, Fræðslunet Suðurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslusetrið, Starfsmennt, Fræðslusetrið Iðan, Menntasetrið við Lækinn, Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn, Tölvu- og verkfræðiþjónustan, Nýi ökuskólinn, Nýttu kraftinn, Alþjóðasetur, Prómennt, Retor, Skóli EU, Múltí Kúltí, Þekkingarmiðlun, Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Endurmenntun Háskóla Íslands.

Námsleiðir: Ýmsar leiðir innan framhaldsskóla eða háskóla eru í boði fyrir atvinnuleitendur sem vilja bæta við sig námi eða ljúka námi. Meðan á námi stendur er ávallt gerð krafa um virka atvinnuleit þeirra sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins nema í algjörum undantekningartilfellum. Einstaklingar eru styrktir til náms við viðurkenndar menntastofnanir innan hins almenna menntakerfis á Íslandi með námsstyrk auk þess sem námssamningar eru gerðir við viðkomandi einstaklinga. Skólarnir eru á framhaldsskólastigi og háskólastigi auk þess sem um er að ræða frumgreinadeildir og símenntunarmiðstöðvar. Þess ber að geta að hér undir fellur ekki nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda er litið svo á að í slíkum tilvikum geti viðkomandi sótt þar um lán sér til framfærslu eins og aðrir námsmenn.

Atvinnutengd úrræði: Atvinnuleitendur eiga kost á ýmiss konar endurhæfingu með það að markmiði að byggja sig upp fyrir virka þátttöku á vinnumarkaði. Gerðir eru samningar við einstaklinga um þátttöku í starfsendurhæfingu og greiddur er sá kostnaður sem hlýst af þátttöku í slíku úrræði sem skipulagt er af starfsendurhæfingaraðilum, svo sem

starfsendurhæfingarmiðstöðvum. Vinnumálastofnun gerir einnig samninga við einstaklinga um þátttöku í sjálfboðaliðastarfi, til dæmis hjá Rauða krossinum á Íslandi.

Starfsþjálfunarúrræði: Þegar atvinnuleitandi er í starfsþjálfun í ákveðinn tíma hjá fyrirtækjum, stofnunum eða sveitarfélögum og er á meðan undanskilinn virkri atvinnuleit. Gerðir eru samningar við atvinnurekendur um slíka þjálfun og fá þeir greiddan tiltekinn styrk á samningstímanum sem getur verið í allt að sex mánuði. Undir þetta fellur einnig frumkvöðlastarf innan fyrirtækja og stofnana. Í grunninn er þar um svipað fyrirkomulag að ræða en gerðar eru meiri kröfur um nýnæmi þeirra starfa sem um ræðir og hefur mat á störfum og val atvinnuleitenda í störfin verið unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Í kjölfar efnahagsþrenginganna haustið 2008 hafa velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun átt samstarf við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og samtök aðila á vinnumarkaði um sérstök átaksverkefni þar sem lögð var sérstök áhersla á ákveðna hópa atvinnulausra með aukna virkni í huga og að koma fólki sem verið hafði atvinnulaus um lengri tíma í nám og störf. Þau átaksverkefni sem þar um ræðir voru:

Ungt fólk til athafna: Verkefnið fór af stað í janúar 2010 og var ætlað atvinnuleitendum á aldrinum 16–29 ára sem höfðu áunnið sér rétt til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Boðið var upp á starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttöku í öðrum verðugum verkefnum. Í mars 2011 var þjónustan við unga atvinnuleitendur sameinuð þjónustu við aðra atvinnuleitendur en áfram beitt þeirri nálgun sem lagt var upp með í verkefninu *Ungt fólk til athafna* með áherslu á tilboð um virkni innan þriggja mánaða frá atvinnumissi.

POR – þekking og reynsla: Verkefnið fór af stað seinni hluta árs 2010 og var ætlað atvinnuleitendum sem voru 30 ára og eldri en að öðru leyti var verkefnið sambærilegt við verkefnið *Ungt fólk til athafna*. Í mars 2011 var þjónusta við alla atvinnuleitendur sameinuð á einn stað og rann verkefnið inn í þá þjónustu.

Nám er vinnandi vegur: Verkefnið var sett á fót árið 2011 í kjölfar tillagna frá vinnuhópi um mótun aðgerðaáætlunar á sviði vinnumarkaðsúræða, starfs- og endurmenntunar og endurhæfingar og skipaður var af þáverandi forsætisráðherra í febrúar 2011. Á grundvelli verkefnisins fengu atvinnuleitendur, sem uppfylltu tiltekin skilyrði, tækifæri til að stunda fullt nám í eina önn án þess að það hefði áhrif á greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði en í framhaldi af því stóð þeim til boða að taka námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna ef námið var lánshæft samkvæmt reglum sjóðsins en ella fá greidda styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði í þrjár annir til viðbótar. Í tengslum við verkefnið var lögð sérstök áhersla á kynningu á verk- og tækninámi. Þetta verkefni var ekki síst mikilvægt þegar litið er til menntunarstigs þeirra sem misstu vinnuna á árunum eftir 2008 þar sem u.þ.b. 50% þeirra höfðu ekki lokið formlegu námi eftir að grunnskólanámi lauk. Það var á ábyrgð atvinnuleitenda sjálfrá að sækja um skólavist en náms- og starfsráðgjafar Vinnumálastofnunar á öllu landinu, auk ráðgjafa mennta- og menningarmálaráðuneytisins, veittu þátttakendum í verkefninu ráðgjöf. Jafnframt var lögð mikil áhersla á samráð og samstarf ráðgjafa í skólunum annars vegar og ráðgjafa Vinnumálastofnunar hins vegar og var hver skóli með sérstakan tengilið innan Vinnumálastofnunar. Eðli málsins samkvæmt nýttist þetta úrræði betur yngri atvinnuleitendum, en 62% þeirra sem tóku þátt í verkefninu á vegum Vinnumálastofnunar voru 29 ára og yngri. Hlutfall kynjanna var nokkuð jafnt, eða 53% karlar og 47% konur. Atvinnuleitendur fengu tilboð um þátttöku í *Nám er vinnandi vegur* haustið 2011 og aftur haustið 2012 en þá með þrengri skilyrðum.

Vinnandi vegur: Verkefnið var sett af stað árið 2012 og var markmið þess að skapa 1.500 ný störf fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við atvinnulífið, sveitarfélög og ríkið. Beindist verkefnið sérstaklega að atvinnuleitendum sem höfðu verið án atvinnu í eitt ár eða lengur. Samtals voru gerðir 1.385 samningar þar sem um var að ræða störf á almennum markaði í 65% tilvika, störf hjá sveitarfélögum í 30% tilvika og störf hjá ríkinu í 5% tilvika. Möguleiki til ráðningar á grundvelli átaksins stóð frá 15. febrúar til 1. júlí 2012 og var þá í boði að gera samning um ráðningu atvinnuleitenda með styrk í 12 mánuði frá því samningur var gerður.

Liðsstyrkur: Verkefnið hófst í byrjun árs 2013 og lauk 31. desember 2013. Verkefnið beindist að þeim sem útlit var fyrir að myndu fullnýta bótarétt sinn innan atvinnuleysisstryggingakerfisins á því ári, enda styttist atvinnuleysisbótatímabilið í þrjú ár á ný í upphafi árs 2013, en það hafði verið lengt tímabundið í fjögur ár árið 2009. Markmiðið var einnig að koma í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiddi til óvinnufærni viðkomandi til lengri tíma lítið. Alls voru þeir atvinnuleitendur sem voru að ljúka bótarétti sínum á árinu 2013 um 3.000 talsins og var stefnt að því að skapa allt að 2.200 störf hjá sveitarfélögum, ríki og á almennum vinnumarkaði. Störfin urðu þó færri en áætlað var í upphafi og urðu ráðningar í tengslum við verkefnið um 1.000 þegar upp var staðið og fór því um þriðjungur hópsins í vinnu á grundvelli verkefnisins. Annar þriðjungur skráði sig ekki til leiks og þriðjungur fullnýtti bótaréttinn án þess að fá vinnu.

Stígur: Árið 2014 hófst formlegt samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í landinu í tengslum við þjónustu við atvinnuleitendur sem eru án bótaréttar innan atvinnuleysisstryggingakerfisins en fá fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Samstarfið er ótímabundið og er því ekki um eiginlegt verkefni að ræða. Aðgerðir felast í vinnumiðlun, ráðgjöf, vinnumarkaðsúræðum, atvinnutengdri endurhæfingu og eftirfylgni með viðkomandi atvinnuleitendum.

Loks má nefna eitt stórt verkefni að auki, en í byrjun árs 2012 voru sett á fót svokölluð Atvinnutorg í Reykjavík, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ og á Suðurnesjum með það að markmiði að þjónusta fólk yngra en 25 ára sem búsett væri í þessum tilteknu sveitarfélögum og stundaði hvorki nám né væri þátttakendur á vinnumarkaði. Verkefnið var samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, velferðarráðuneytisins og sveitarfélaga á viðkomandi svæði. Markmið þeirra var að auka virkni ungs fólks sem fær fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu hlutaðeigandi sveitarfélags; að auka samstarf og samfellu í þjónustu Vinnumálastofnunar annars vegar og hlutaðeigandi sveitarfélags hins vegar við ungt fólk sem búsett er í sveitarfélaginu og er án atvinnu án tillits til þess hvort það eigi rétt á greiðslum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði. Í janúar 2015 var þjónusta Atvinnutorgs og sú þjónusta sem veitt er á grundvelli Stígsverkefnisins sameinaðar í eina þjónustugátt hjá Vinnumálastofnun.

Þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 fjölgaði mjög hratt á atvinnuleysissskrá og varð Vinnumálastofnun á árinu 2009 að leggja mesta áherslu á að sinna skráningu atvinnuleitenda, meta bótarétt þeirra og greiða út bætur. Alls komu yfir 33.000 atvinnuleitendur á skrá það ár, þar af um 20.000 karlar og 13.000 konur. Um 16% hópsins tók þátt í úrræði af einhverju tagi, heldur hærra hlutfall kvenna, eða yfir 17%, en karlar voru nær 14%.

Þegar leið á árið 2009 og í upphafi árs 2010 minnkaði álag vegna nýskráningar en langtímaatvinnuleysi fór eðli málsins samkvæmt hratt vaxandi. Verkefnið Ungt fólk til

athafna fór sem fyrr segir af stað í byrjun árs 2010 og ÞOR-verkefnið síðar sama ár. Farið var mjög kerfisbundið í að koma atvinnulausum í virkni í tengslum við þessi átaksverkefni og voru alls um 9.600 einstaklingar sem tóku þátt í úrræðum það ár af tæplega 30.000 atvinnuleitendum sem eitthvað komu á atvinnuleysisráð; um 17.000 karlar og 13.000 konur. Alls tóku því um 32% atvinnuleitenda þátt í úrræðum það ár og er hlutfallið mjög svipað hjá körlum og konum. Grunnúrræði og styttri námskeið eru hlutfallslega mest áberandi þetta ár enda megináherslan þá lögð á virkni atvinnuleitenda.

Árið 2011 voru um 27.000 atvinnuleitendur sem komu á ská og um 10.600 manns tóku þá þátt í úrræðum af einhverju tagi, eða um 39% atvinnuleitenda. Hlutfallið er svipað meðal karla og kvenna. Grunnúrræði og styttri námskeið voru áfram stærsti hluti úrræðanna, en hlutur lengri námsleiða jókst nokkuð samfara áttakinu Nám er vinnandi vegur sem fór í gang haustið 2011.

Samhliða átaksverkefninu Nám er vinnandi vegur var átaksverkefnið Vinnandi vegur undirbúið og fór það í gang vorið 2012. Jókst þá hlutur starfsþjálfunarúrræða umtalsvert og fjölgaði í þess konar úrræðum úr ríflega 1.000 manns í rúmlega 2.000 en fækkaði nokkuð í grunnúrræðum og námsúrræðum, bæði styttri námskeiðum og námsleiðum. Heildarfjöldi atvinnuleitenda var um 23.000 á árinu 2012 og heildarfjöldi sem tók þátt í úrræðum var um 8.000, eða um 35% allra atvinnuleitenda. Sem fyrr var lítill munur hlutfallslega á þátttöku karla og kvenna.

Tafla 23: Fjöldi atvinnuleitenda og þátttaka í úrræðum. Heimild: Vinnumálastofnun, 2015.

Ártal	Fjöldi í úrræðum	Fjöldi atvinnuleitenda	Hlutfallsleg þáttt. í úrræðum
2009	5.364	33.678	16%
2010	9.626	29.737	32%
2011	10.567	26.855	39%
2012	8.003	22.828	35%
2013	7.317	19.310	38%
2014	5.579	16.862	33%

Á árinu 2013 fækkaði atvinnulausum einstaklingum hratt samfara batnandi efnahagsástandi en líka vegna styttingar bótatímans. Alls voru ríflega 19.000 manns eitthvað á atvinnuleysisráð á árinu 2013. Þátttaka í úrræðum var svipuð og árin áður, en um 38% atvinnuleitenda tóku þátt í einhverjum úrræðum. eða um 7.300 manns. Hlutfallið var sem fyrr svipað milli kynja. Starfsþjálfunarúrræði voru áfram áberandi á árinu 2013, en um 2.400 einstaklingar tóku þátt í slíkum úrræðum það ár enda byrjuðu þá um 1.000 einstaklingar í starfsþjálfunarúrræði í tengslum við Liðsstyrks-verkefnið. Þeim fækkaði mikið sem tóku þátt í almennum námskeiðum af ýmsu tagi enda minnkandi þörf fyrir almenn virkniúrræði samfara hraðri fækkun á skrá.

Á árinu 2014 var heildarfjöldi þeirra sem eitthvað voru á atvinnuleysisráð kominn undir 17.000 manns en þátttakendur í úrræðum ennþá um þriðjungur af öllum atvinnuleitendum, eða um 5.600 manns. Hlutfallið meðal kvenna var heldur hærra árið 2014, en um 35%

kvenna á atvinnuleysisskrá tóku þátt í úrræðum á móti um 31% karla. Talsvert minna var um starfsþjálfunarúrræði og lengri námsúrræði án árin á undan en fjöldi þátttakenda í grunnúrræðum og styttri námskeiðum minnkaði minna.

Í töflum 24 og 25 hér að neðan má sjá þátttöku í úrræðum samanborið við heildarfjölda atvinnuleitenda fyrir alla, greint eftir kyni.

Tafla 24: Fjöldi karlkyns atvinnuleitenda og þátttaka í úrræðum. *Heimild:* Vinnumálastofnun, 2015.

Ártal	Fjöldi í úrræðum	Fjöldi atvinnuleitenda	Hlutfallsleg þáttt. í úrræðum
2009	3.011	20.225	15%
2010	5.645	17.140	33%
2011	5.899	14.768	40%
2012	4.145	12.121	34%
2013	3.610	9.732	37%
2014	2.582	8.273	31%

Tafla 25: Fjöldi kvenkyns atvinnuleitenda og þátttaka í úrræðum. *Heimild:* Vinnumálastofnun, 2015.

Ártal	Fjöldi í úrræðum	Fjöldi atvinnuleitenda	Hlutfallsleg þátttaka í úrræðum
2009	2.353	13.453	17%
2010	3.981	12.597	32%
2011	4.668	12.087	39%
2012	3.858	10.707	36%
2013	3.707	9.578	39%
2014	2.997	8.589	35%

Í töflunum hér að neðan má sjá þátttöku karla og kvenna í einstökum tegundum úrræða hvert ár og hlutfallslega skiptingu milli ára. Þar má sjá að þátttakendum í starfsþjálfunarúrræðum fjölgar mikið árin 2012 og 2013 meðal beggja kynja en meira þó meðal karla; 35% úrræða hjá körlum árið 2013 eru starfsþjálfunarúrræði samanborið við um 21% hjá konum. Starfsþjálfunarúrræðin eru öll árin meira nýtt af körlum en konum. Konur fara á hinn bóginn meira í lengri námsleiðir og er hlutfallið nálægt 20% hjá konum á árunum 2010–2014 en nokkru lægra meðal karla. Karlar fóru í meira mæli í ýmis styttri námskeið á árunum 2009–2012 en hlutfallið er svipað nú síðustu tvö árin. Þátttaka í grunnúrræðum er á

heildina litið svipuð meðal karla og kvenna þó með einhverjum frávikum milli ára og sama er að segja í atvinnutengd úrræði.

Tafla 26: Fjöldi karla í tilteknum úrræðum 2009–2014. Heimild: Vinnumálastofnun, 2015.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Grunnúræði	799	1.753	2.393	1.496	1.338	1.353
Námskeið	1.160	2.925	2.707	1.716	751	714
Námsleiðir	738	971	1.195	446	460	297
Atvinnutengd úrræði	63	135	185	174	200	120
Starfsþjálfunarúræði	718	861	701	1.322	1.470	536

Tafla 27: Hlutfallsleg skipting á tegundir úrræða 2009–2014 meðal karla.
Heimild: Vinnumálastofnun, 2015.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Grunnúræði	23%	26%	33%	29%	32%	45%
Námskeið	33%	44%	38%	33%	18%	24%
Námsleiðir	21%	15%	17%	9%	11%	10%
Atvinnutengd úrræði	2%	2%	3%	3%	5%	4%
Starfsþjálfunarúræði	21%	13%	10%	26%	35%	18%

Tafla 28: Fjöldi kvenna í tilteknum úrræðum 2009–2014. Heimild: Vinnumálastofnun, 2015.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Grunnúræði	803	1.514	1.969	1.609	1.625	1.512
Námskeið	738	1.525	1.705	1.410	829	850
Námsleiðir	839	1.112	1.470	836	854	649
Atvinnutengd úrræði	62	150	174	205	248	144
Starfsþjálfunarúræði	391	492	484	868	949	441

Tafla 29: Fjöldi karla í tilteknum úrræðum 2009–2014. Heimild: Vinnumálastofnun, 2015.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Grunnúrræði	28%	32%	34%	33%	36%	42%
Námskeið	26%	32%	29%	29%	18%	24%
Námsleiðir	30%	23%	25%	17%	19%	18%
Atvinnutengd úrræði	2%	3%	3%	4%	6%	4%
Starfsþjálfunarúrræði	14%	10%	8%	18%	21%	12%

Í byrjun árs 2015 voru birtar niðurstöður úr nýrri rannsókn sem Maskína vann fyrir Vinnumálastofnun og velferðarráðuneytið²⁶ um afdrif þeirra sem lokið höfðu bótarétti innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Rannsóknartímabilið náði frá ársbyrjun 2013 til haustsins 2014 en alls voru 9,9% svarenda í könnuninni að fá greidda fjárhagsaðstoð frá hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar rannsóknin var gerð. Niðurstöðurnar sýna að 27,1% þeirra atvinnuleitenda sem fullnýtt höfðu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins höfðu fengið greidda fjárhagsaðstoð frá hlutaðeigandi sveitarfélagi í kjölfarið. Rannsóknin sýndi jafnframt að langflestir þeirra sem fullnýtt höfðu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins höfðu hafið þátttöku á vinnumarkaði að nýju þegar könnunin var gerð, eða 57,8% svarenda, en 5,8% höfðu hafið nám. Þannig svöruðu 57,8% svarenda að þeir væru annað hvort launamenn í fullu starfi, launamenn í hlutastarfi eða í sjálfstæðum rekstri. Af þeim sem svöruðu voru 22,8% enn í atvinnuleit og 5,8% voru námsmenn.

Haustið 2010 fylgdi Vinnumálastofnun eftir aðgerðum stjórnvalda með tveimur tilraunaverkefnum í tengslum við kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Annars vegar var um að ræða greiningu á útgjöldum til atvinnuleysistrygginga og hins vegar á þátttöku kynja í úrræðum og hvernig útgjöld til málaflokksins skiptust eftir kyni. Fyrra verkefninu lauk með gerð skýrslu haustið 2011. Þar eru útgjöld til atvinnuleysistrygginga greind eftir kyni og sett í samhengi við ólíka stöðu kynjanna á vinnumarkaði almennt. Í skýrslunni er jafnframt velt upp fleiri þáttum sem vert er að skoða með ítarlegri hætti til að fá betri mynd af mismunandi stöðu kynjanna innan atvinnuleysisbótakerfisins. Síðara verkefninu lauk ekki með formlegri skýrslu en líkt og í fyrra verkefninu lá þó fyrir greining á þátttöku kynja í úrræðum á vegum Vinnumálastofnunar og hvort sú þátttaka væri á einhvern hátt kynbundin, á hvern hátt mætti greina betur hvort um slíkt væri að ræða og þá hvaða leiðir mætti fara til að vinna gegn slíkum kynbundnum mun.

Frá 1991 hafa styrkir verið veittir konum sem hafa góðar viðskiptahugmyndir. Í upphafi voru styrkir eingöngu veittir til kvenna á landsbyggðinni til þess að koma til móts við mikið atvinnuleysi þar. Frá 1994 hefur konum á öllu landinu gefist kostur á að sækja um styrki, enda jókst atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu á þeim tíma og hefur síðan verið minni munur á atvinnuleysi kvenna á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Á hverju ári hefur verið úthlutað í kringum 15–20 m.kr. í fjölbreytt verkefni víðsvegar um landið sem oft hafa skipt sköpum fyrir styrkþega og verið hvatning í fyrirtækjarekstri. Árið 2008 var ákveðið að auka við fjárhæðina og eru nú 50 m.kr. til umræða sem veittar er til verkefna víðs vegar um landið.

²⁶ Vinnumálastofnun, 2014. *Könnun meðal fyrrum bótaþega*.
<https://www.vinnumalastofnun.is/media/1387/3038097.pdf>